

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

KENNADEILD

Leikskólabraut

Vorönn 2006

# Þulur í gullastokkinn



Höfundur:

*Þuríður Vala Ólafsdóttir*

Lokaverkefni í kennaradeild

**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI**

**KENNADEILD**

**Leikskólabraut**

**Vorönn 2006**

**Höfundur:**

**Þuríður Vala Ólafsdóttir**

**Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild**


**Leiðsögukenndur:**

**Finnur Friðriksson**

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og  
að það er ágóði eigin rannsókna.

  
Þuríður Vala Ólafsdóttir, höfundur

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum  
dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

  
Finnur Friðriksson, leiðsögukenndari

## Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um þulur en þær eru gamall angi kveðskapar sem fylgt hefur íslensku þjóðinni frá fornu fari. Byrjað er á því að líta á sögu þulna en á síðmiðöldum höfðu þær meira til fullorðinna en barna. Þær voru á vörum alþýðunnar öldum saman þrátt fyrir að aðrar gerðir kveðskapar hafi rutt sér til rúms. Helstu einkenni þulna eru langar orðarunur, nafnaupptalningar og sterkt endarím. Þær hafa breyst í meðförum fólks og þess vegna eru í mörgum tilfellum til fleiri en ein útgáfa af sömu þulunni. Með tímanum þróuðust þulurnar og margar þeirra urðu að barnaþulum. Barnaþulurnar voru kveðnar fyrir börn ýmist til að róa þau eða svæfa en líka til að skemmta þeim en það fór allt eftir því á hvaða hátt flytjandinn flutti þær. Þulurnar voru afþreying síns tíma og gáfu ímyndunaraflinu lausan tauminn því að í þeim gat margt gerst sem raunveruleikinn hafði ekki upp á að bjóða. Þulur síðustu aldar endurspeglar sveitamenninguna sem þá var og hét, þar sem náttúran og dýrin urðu fólki að yrkisefni.

Þulur voru kveðnar fyrir börn í margar aldir og er þess vegna full ástæða til að gera meira af því að fara með þulur fyrir börn á leikskólaaldri. Í ritgerðinni er gerð grein fyrir því hvernig þulurnar tengjast námssviðum leikskóla sem *Aðalnámsskrá* setur upp, svo sem málrækt, tónlist og menningu.

Notkun þulna er talin hafa haldist að einhverju leyti í hendur við fólksfjölda og verið í meiri notkun á velmegunartímabilum í lífi þjóðarinnar. Áhrif fjölmiðla eru m.a. talin ástæða þess að þulurnar eyddust smám saman út á 20. öldinni en nú virðist sem áhugi á ýmiss konar þjóðfræðaefni og alþýðukveðskap sé að aukast. Ötulir safnarar hafa í gegnum aldirnar tekið ýmsan alþýðukveðskap og þulur til varðveislu. Sumar þulnanna hafa verið gefnar út á prenti en langflestar eru varðveittar á segulböndum. Þannig hefur miklu verðmætu efni verið bjargað frá glötun sem gerir það að verkum að við getum notið þulna um ókomna tíð. Er það von mín að ritgerð þessi verði örlítið framlag í sömu átt með því að tengja þulur við starfsemi leikskóla.

## Summary

This essay is about *pulur*, or nursery rhymes, which are a part of an old tradition in Icelandic poetry and folklore and have been inherent to the nation for centuries. The first part of the essay discusses the history of the rhymes but in the late Middle Ages they were most popular among adults rather than children. The rhymes lived for centuries with the common people and were still in use despite other kinds of poetry emerging. The nursery rhymes' main characteristics are long sequences of words, names recitations and a strong rhyme at the end of each line in the verse. They have changed in usage from one person to another and therefore there is more than one version of the same rhyme. As time went by the rhymes turned into nursery rhymes. The nursery rhymes were chanted for children either to calm them down, put them to sleep or amuse them, depending on the performer's presentation during the chanting. The nursery rhymes were an ancient form of entertainment which let the fantasy loose and offered many things to everyday life. The last century's nursery rhymes reflect the rural culture from that time, where nature and animals became people's inspiration in composing poems.

Nursery rhymes have been chanted for children for many centuries and therefore there is a good reason for increasing the usage of them among preschool children. This essay explains the rhymes' connection to subjects in the curriculum for preschools, *Aðalnámskrá leikskóla*. Amongst these subjects are language, music and culture.

Nursery rhymes were primarily used by the nation in times of prosperity. The appearance of media is sometimes named as one reason for the near obliteration of nursery rhymes in the 20th century, but now it seems that people's interest in folklore and poetry is increasing again. Hard-working collectors have during the centuries collected different kinds of folk poetry and nursery rhymes and thereby conserved this material. Some of the nursery rhymes have been published but most of them are conserved on tapes. Thereby a great amount of valuable material has been saved, which makes it possible for us to enjoy nursery rhymes for times to come. I hope this essay can be a little contribution in that direction by connecting nursery rhymes to the preschool programme.

### **Þakkir**

Ég vil þakka viðmælendum mínum; Njáli Sigurðssyni, Rósu Þorsteinsdóttur og Ester Jónsdóttur fyrir fræðandi og skemmtileg viðtöl. Finni Friðrikssyni þakka ég góða leiðsögn við ritgerðarsmíðina og fjölskyldan mín fær bestu þakkir fyrir skilning og þolinmæði.

**Þ.V.Ó.**

# E F N I S Y F I R L I T

|   |           |
|---|-----------|
| <b>1. Inngangur .....</b>                 | <b>2</b>  |
| <b>2. Heimildir um þulur.....</b>         | <b>3</b>  |
| <b>3. Viðtöl.....</b>                     | <b>5</b>  |
| 3.1 Viðmælendur.....                      | 5         |
| <b>4. Hvað eru þulur? .....</b>           | <b>6</b>  |
| 4.1 Uppruni .....                         | 6         |
| 4.2 Einkenni .....                        | 7         |
| 4.3 Hlutverk þulnanna.....                | 9         |
| 4.4 Innihald þulna og ýmsar gerðir .....  | 11        |
| 4.5 Flutningsmáti .....                   | 13        |
| 4.6 Blómaskeið .....                      | 14        |
| 4.7 Þulur sem hluti af lifandi hefð ..... | 16        |
| 4.8 Varðveisla .....                      | 18        |
| 4.8.1 Bókleg geymd .....                  | 18        |
| 4.8.2 Munnleg geymd .....                 | 19        |
| 4.9 Samantekt.....                        | 20        |
| <b>5. Þulur í leikskólastarfi .....</b>   | <b>21</b> |
| 5.1 Hreyfing .....                        | 22        |
| 5.2 Málrækt.....                          | 22        |
| 5.3 Myndsköpun .....                      | 25        |
| 5.4 Tónlist .....                         | 27        |
| 5.5 Náttúra og umhverfi.....              | 28        |
| 5.6 Menning og samfélag.....              | 29        |
| 5.7 Samantekt.....                        | 31        |
| <b>6. Niðurstöður.....</b>                | <b>32</b> |
| <b>Heimildaskrá .....</b>                 | <b>33</b> |
| <b>Fylgiskjal A: Viðmælendaskrá .....</b> | <b>35</b> |
| <b>Fylgiskjal B: Spurningalisti .....</b> | <b>36</b> |
| <b>Fylgiskjal C: Þulur.....</b>           | <b>38</b> |
| <b>Fylgiskjal D: Myndir .....</b>         | <b>47</b> |

# 1. Inngangur

Þulur eru hluti af íslenskum alþýðukveðskap og hafa um aldir gengið mann fram af manni í munnlegri geymd. Þær eru bæði ætlaðar börnum og fullorðnum þó að í seinni tíð hafi þær fest sig betur í sessi í huga almennings sem barnagælur. Sem verðandi leikskólakennari vöktu þulurnar forvitni hjá mér bæði vegna þess að þær eru arfur liðinna kynslóða og að þær voru notaðar við uppeldi ungra barna.

Að því gefnu að þulur hafi verið kveðnar fyrir börn kynslóð eftir kynslóð spyr maður sig hvort að þær eigi eitthvert erindi til leikskólabarna nútímans og hvort það skipti máli að viðhalda þeim í íslenskri menningu? Til að leita svara við spurningum mínum tók ég viðtöl við þrjá einstaklinga ásamt því að glugga í ritaðar heimildir um efnið.

Í 2. kafla geri ég grein fyrir þeim rituðu heimildum sem til eru um þulur og í 3. kafla kynni ég viðtölin og hvernig ég valdi viðmælendur. 4. kafli fjallar almennt um þulur; uppruna þeirra, ýmsar gerðir, einkenni og hlutverk, hvenær blómaskeið þeirra var, orðin og innihaldið, hvernig þær voru fluttar og hvernig hægt er að viðhalda þeim sem lifandi hefð í nútíma samfélagi. Um varðveislu þulna fjalla ég líka í þeim kafla og hvernig hún skiptist í bóklega og munnlega geymd. Í 5. kafla ritgerðarinnar tengi ég þulur við námssvið leikskóla eins og þau birtast í *Aðalnámskrá leikskóla* og svo eru helstu niðurstöður ritgerðarinnar í 6. kafla.



## 2. Heimildir um þulur

Það er ekki um auðugan garð að gresja varðandi prentaðar heimildir um þulur enda eru þær aðeins lítill angi af íslenskri bókmenntasögu. En tilvera þulna hefur samt sem áður sett svip á þá sögu og þær eru ekki síður merkilegar en aðrar tegundir bókmennta. Ein ástæðan fyrir því hversu erfitt er að leita heimilda er sú að þulur gengu munnlega mann fram af manni og voru nokkurs konar húsgangar sem fólki þótti ekki ástæða til að skrifa niður. Hægt er að ímynda sér að þulur hafi einnig verið álitnar óvandaður kveðskapur vegna þess hvað þær voru lausar í forminu og jafnvel einfaldar og barnalegar. En þrátt fyrir allt hafði fólk gaman af þeim og það er kannski þess vegna sem þær hafa lifað svo lengi með þjóðinni.

Erfitt er að segja til með vissu um aldur þulna en sé bókmenntasagan skoðuð má sjá að dansar, rímur, fornkvæði, barnagælur og þulur koma til sögunnar á síðmiðöldum eða á tímabilinu 1250-1550.<sup>1</sup> Í nútímaritum eru þulur ýmist flokkaðar sem þjóðkvæði eða alþýðukveðskapur en örlítill munur er á þeim hugtökum. Þjóðkvæði nefnist sá kveðskapur sem á sér óskýrt upphaf hjá einum eða fleiri höfundum en geymst hefur í minni fólks.<sup>2</sup> Oftast er talað um elstu þulurnar sem þjóðkvæði en þegar nær dregur okkar tímum er talað um þær sem alþýðukveðskapur, þ.e. það efni sem lifir á vörum alþýðunnar. Það hefur eflaust bæði verið eftir nafngreinda og ónafngreinda höfunda og mikið af því heimatilbúið, í formi lausavísna og húsganga.

Það er ljóst að þulur hafa verið kveðnar um langa hríð samhliða öðrum kveðskap. Rímnakveðskapur varð t.d. vinsæll á árunum 1550-1750 og vikivakar á síðari hluta sextándu aldar. Hægt er að ímynda sér að þulurnar gætu hafa tekið einhverjum breytingum í aldanna rás bæði vegna áhrifa frá öðrum kveðskapargerðum en líka í takt við þjóðfélagsástand á hverjum tíma.

Orðið þula hafði aðra merkingu í fornu máli en þá virðist það einkum hafa tengst kvæðum sem í voru nafnaraðir eða önnur upptalning. Langir rímaðir bragir þar sem ekki voru gerð erindaskil nefndust langlokur og voru vinsælt form þulna á 18. öld.<sup>3</sup> Nýrri þulur eins og við þekkjum þær eru einkum barnaþulur en það eru fyrst og fremst þær sem fjallað verður um í næstu köflum.

---

<sup>1</sup> Stefán Einarsson. 1961:101

<sup>2</sup> *Íslensk bókmenntasaga* II. 1993:480

<sup>3</sup> Jón Samsonarson. 2002:75-78

Elstu rituðu heimildir um barnapulur eru frá 17. öld en söfnun þeirra hófst ekki af alvöru fyrr en á 19. öldinni.<sup>4</sup> Það hafa því liðið um sex aldir frá því að þær urðu til sem ákveðið form kveðskapar þangað til þeim var safnað saman. Í bók Jóns Samsonarsonar kemur fram að á fyrri hluta 19. aldar hafði áhugi á alþýðlegum fræðum aukist til mikilla muna vegna aukinnar þjóðernisvitundar. Skáld og lærdómsmenn hófu á þeim tíma munnmælasagnir, ævintýri og almúgakvæði til vegs og virðingar og söfnuðu saman til útgáfu. Útgáfa ævintýrasafns Grimmsbræðra 1812-1815 í Þýskalandi varð söfnurum mikil hvatning og árið 1846 var sent út af Fornfræðafélaginu í Kaupmannahöfn boðsbréf til lærðra manna á Íslandi um að þeir skyldu safna og skrifa upp þjóðfræðaefni eftir alþýðufólki og draga ekkert undan. Árið áður, 1845, hófu Magnús Grímsson og Jón Árnason að safna íslenskum þjóðsögum og ævintýrum og kom það safn út á árunum 1862-64. Jón hélt áfram að safna þjóðfræðaefni, þ.á.m. þulum en það safn kom ekki út á prenti fyrr en eftir hans dag, eða á árunum 1898-1903, í 4. bindi söfnunarrits hans og Ólafs Davíðssonar *Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur*.<sup>5</sup> Líklega hafa margir furðað sig á því forðum daga hvers vegna safna ætti þessu gamla og hversdagslega efni en óhætt er að segja núna að söfnunarmennirnir hafi forðað dýrmætum arfi frá glötun.

Ástæður þess hve lítið hefur verið ritað um þulur gætu m.a. hafa verið þær að stór hluti íslensku þjóðarinnar var lítt læs eða ólæs með öllu fram eftir lærdómsöldinni (1550-1770) og enn færri kunnu að skrifa.<sup>6</sup> Góð saga, kvæði og kviðlingar lærðust og gengu frá manni til manns og stór hluti þess sem við teljum nú bókmenntalegan arf geymdist því í minni fólks og var skrifað niður seinna. Það getur líka verið að ýmiss annar fróðleikur um þulur hafi varðveist munnlega og þess vegna sé svo lítið að finna um þær. Í næsta kafla koma til sögunnar þrjár persónur sem eiga það sameiginlegt að búa yfir mikilli vitneskju um þulur og geta varpað ljósi á hinn hulda heim þeirra.

---

<sup>4</sup> Jón Samsonarson. 2002:2

<sup>5</sup> Jón Samsonarson. 2002:3-20

<sup>6</sup> *Íslensk bókmenntasaga* II. 1993:487

### 3. Viðtöl

Í þessari ritgerð um þulur tók ég klukkustundarviðtöl við þrjá einstaklinga sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu. Viðtöl eru öflug leið til að fá innsýn inn í uppeldisfræðileg efni í gegnum reynslu einstaklinga sem starfa á því sviði.<sup>7</sup> Aðferðin gagnaðist mér einnig vel vegna þess að ritaðar heimildir um þulur reyndust vera af skornum skammti, eins og rakið var í 2. kafla. Í janúar á þessu ári fór ég á stúfana til að finna mér viðmælendur og samdi spurningalista (sjá fylgiskjal B) til að leggja fyrir þá í viðtölunum. Þetta voru einn karlmaður og tvær konur (sjá kafla 3.1). Viðtölin tók ég með stuttu millibili og að því loknu hlustaði ég nokkrum sinnum á þau aftur og tók út þau atriði sem mér þóttu falla best að umfjöllunarefni ritgerðarinnar.

#### 3.1 Viðmælendur

Það var úr vöndu að ráða við leitina að réttu viðmælendunum en félagi úr Kvæðamannafélaginu Iðunni benti mér á Njál Sigurðsson verkefnisstjóra og Rósu Þorsteinsdóttur þjóðfræðing, sem bæði vinna í Stofnun Árna Magnússonar, öðru nafni Árnastofnun. Þau Njáll og Rósa vinna bæði að ýmsum verkefnum í tengslum við hljóðritasafn stofnunarinnar en þar fer fram metnaðarfullt starf við að safna og hljóðrita ýmiss konar þjóðlegt efni s.s. rímnakveðskap, sálmasöng, þjóðlög og þulur. Hlutverk Árnastofnunar er m.a. að varðveita handrit, rannsaka heimildir, safna, skrásetja og varðveita þjóðfræðaeefni.<sup>8</sup> Stofnunin og efnið sem til er þar er sannkallaður fjársjóður og starfsmenn hennar hafa frá mörgu að segja.

Ester Jónsdóttir var þriðji viðmælandinn. Hún útskrifaðist sem leikskólakennari árið 1972 og er deildarstjóri í Leikskólanum Árbæ á Selfossi. Ég heimsótti leikskólann haustið 2005 þegar ég var í vettvangsnámi og kynntist þannig Ester og hvernig hún vinnur með þulur. Í hennar menntun var lögð rík áhersla á að kenna börnum þulur og hefur Ester alltaf haft þær með í leikskólastarfinu.

Kafla 4 hér á eftir byggir að mestu á þeim upplýsingum sem ég fékk með viðtölunum.

---

<sup>7</sup> Seidman, Irving. 1998:7

<sup>8</sup> Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. 2006

## 4. Hvað eru þulur?

Kveðskapur eða bundið mál hefur fylgt íslensku þjóðinni frá örófi alda. Margir kannast við ferskeytlur og hafa lesið ljóð einhvern tímann á ævinni. Það þykir jafnan gott að fara með vísur við hátíðleg tækifæri þar sem margt fólk kemur saman. Það er þó ekki á allra færi að semja eða búa til vísur enda þarf að hafa þjálfun, orðaforða og ljóðeyra til þess. Svo er ekki sama hvernig vísur eru settar saman, en til eru svokallaðar bragfræðireglur sem leggja grunninn og betra er að fara eftir þeim til þess að vísan verði sem réttust og áheyrilegust. En um þulur gegnir öðru máli, því að erfitt er að finna reglur í bókum um þær og velta má því fyrir sér af hverju það stafi.

Í undirköflunum hér á eftir ætla ég að kanna uppruna þulna, skoða hver eru helstu einkenni þeirra og hvaða hlutverki þær gegndu fyrr á tímum. Einnig hvert innihald þeirra er, hvort hægt sé að flokka þær eftir gerð og hvernig hægt er að fara með þulur. Þá verður athugað hvort hægt sé að segja með vissu á hvaða tímabili þær voru mest hafðar um hönd og hvernig þær geta verið lifandi hefð í þjóðmenningunni.

### 4.1 Uppruni

Eins og fram hefur komið eru þulurnar mjög gamall kveðskapur sem varðveist hefur frá síðmiðöldum og allt til okkar daga. En þulurnar hafa ekki alltaf verið eins og við þekkjum þær nú en til forna voru þær jafnvel ennþá frekar ætlaðar fullorðnum en börnum. Orðið þula hafði ekki sömu merkingu þá, að sögn Rósu Þorsteinsdóttur þjóðfræðings:

Þetta orð hafði auðvitað aðra merkingu á miðöldum heldur en það hefur núna, því það virðist hafa þýtt þá bara upptalning á nöfnum. Í fornkvæðum eins og í Snorra Eddu, í Háttatali, eru vísurnar sem vitnað er til að séu úr þulum, yfirleitt alltaf upptalning á nöfnum.

Eftir því sem aldirnar liðu þróuðust þessar gömlu þulur meira í áttina að börnum. Innihald margra af elstu þulunum er mjög fjarstæðukennt og hefur varla verið ætlað börnum. „Það getur alveg eins verið með svoleiðis þulur að þær hafi verið líka fyrir fullorðna. En svona á síðari tímum tala allir heimildamenn um þulur sem barnaþulur“ sagði Rósa. Barnaefni og barnagælur er það fyrsta sem mörgum dettur í hug núna þegar þeir heyra talað um þulur.

Algengara var að konurnar færu með þulur fyrir börnin heldur en karlarnir. Í segulbandasafni Stofnunar Árna Magnússonar er mikill meirihluti flytjendanna konur en þær hafa líklega kunnað meira af þulum og barnagælum en karlarnir. Ástæðuna fyrir því að þulum var ekki safnað af meiri metnaði fyrr á öldum telur Rósa m.a. vera þá að menntamenn, sem í flestum tilfellum voru karlmenn, báru minni virðingu fyrir þulum heldur en t.d. rímum og rímnakveðskap. Þær hafa þó verið mikils metnar að því leyti að það var farið með þær aftur og aftur og börnunum hefur líklega þótt þær skemmtilegri en t.d. rímurnar.

## 4.2 Einkenni

Samkvæmt skilgreiningu í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* er þula „ljóð í frjálsu formi án erindaskila. Ljóðlínur eru mjög oft mislangar. Stuðlasetning er óbundin, stundum er hún óregluleg, stundum engin. Oft er ekkert endarím eða einfalt samrím (aabb..).“<sup>9</sup> Til að útskýra þetta birti ég hér fjórar fyrstu ljóðlínurnar í þulunni „Einn og tveir“<sup>10</sup> og er endarímið undirstrikað:

|                          |     |
|--------------------------|-----|
| Einn og <u>tveir</u> ,   | (a) |
| inn komu <u>þeir</u> ,   | (a) |
| þrír og <u>fjórir</u> ,  | (b) |
| furðu- <u>stórir</u> ... | (b) |

Það kemur á óvart að þulur fylgja ekki neinum föstum bragfræðireglum eins og algengara er með annan kveðskap og það eru heldur ekki gerðar kröfur um ljóðstafi, rím eða lengd ljóðlína. Þetta gerir mörgum erfitt fyrir þar sem ekki er hægt að fletta upp á einkennum þulna í bragfræðibókum. Ég spurði Rósu þá hver væru einkenni þulna:

Þær eru mjög fljótandi og lausar í formi og það sem einmitt einkennir þær líka er það hvernig þær geta losnað í sundur og runnið saman aftur. Það er að vísu alveg hægt að finna langar blokkir ef svo má segja, sem virðast alltaf fylgjast að. En þær blokkir geta svo tengst öðrum blokkum á mismunandi hátt.

<sup>9</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1983:310

<sup>10</sup> Ófeigur J. Ófeigsson. 1945:151-153 (sjá fylgiskjal C)

Njáll Sigurðsson verkefnisstjóri í Árnastofnun, lýsir þessum einkennum þulna á svipaðan hátt og Rósa. Hann bætir því við að settar séu saman nokkrar ljóðlínur um eitthvert tiltekið efni, stef eða minni og þá myndist litlar einingar sem síðan sé raðað saman í heildstæðari einingar. Sumar þulur eru mjög langar og ganga stundum undir öðrum nöfnum eins og langlokur eða orðarunur eins og Njáll lýsir hér:

Inn í þetta koma svo allskonar orðarunur og nafnaupptalningar þannig að það verður til svolítið skemmtilegt samspil íslenskra orða... Síðan er fólkið að fara frjállega með þetta og það er töluverður orðamunur milli fólks, landshluta og byggðarlaga. En hinar stóru einingar eru þannig að það er hægt að finna þulur um tiltekið efni hvort sem það er: Heyrði ég í hamrinum, hátt var þar látið, Sat ég undir fiskahlaða föður míns eða Karl og kerling gengu á Alþing. Það eru svona upphafsformúlur má segja og svo koma þessir einstöku hlutar sem er skeytt saman eftir margvíslegum, skemmtilegum og frjálsegum aðferðum.

Bæði Rósa og Njáll taka undir það að ekki hafi verið mikið um það að fólk beinlínis samdi þulur en einhvern veginn urðu þær þó til og breyttust svo eða lengdust í meðförum fólks. Til þess að semja þulu í dag þarf fyrst og fremst að hafa góða tilfinningu fyrir því hvað þula er og hafa þarf í huga rímeinkennin sem útskýrð voru hér að framan.

Þulurnar voru í notkun samhliða öðrum kveðskap í gegnum aldirnar og Rósa sagði að þulurnar hafi orðið fyrir áhrifum af öðru efni á þessum langa líftíma:

Jón Samsonarson hefur einmitt sýnt fram á það með nokkrar þulur að það eru komnar í þær jafnvel erindi úr rímum, sagnadönsum eða viðlög úr vikivökum. Þannig að fólk hefur tekið svona héðan og þaðan og breytir svo bara þannig að það lagast að þessu rími og þessu lagi sem það er að raula þá og þá stundina. Vegna þess að þær eru svona lausar í sér getur þú í raun og veru bætt við alveg endalaust.

Af frásögnum Njáls og Rósu má telja nærri fullvíst að þulurnar séu höfundalausar. Þær hafa verið kveðnar mann fram af manni og hver flytjandi hefur sett sitt mark á þær í flutningi sínum. Eins og fram kom hér á undan þá var misjafnt hve mikið fólkið kunni af þulunni sem það fór með; stundum breyttust þær í meðförum fólks og þess vegna eru til fleiri en ein útfærsla af sömu þulunni. Rósa sagði enn fremur að íslensku þulurnar væru vissulega einstæðar á sinn hátt en ættu sér þó hliðstæður í öðrum

löndum, t.d. í Færeyjum og Svíþjóð, og sumar þulnanna væru mjög líkar okkar þulum. Það gæti því verið fróðlegt að kanna afdrif þulna í þessum nágrannalöndum Íslands.

### 4.3 Hlutverk þulnanna

Eins og sögmaður hefur hlutverk í leikriti gegndu þulurnar hlutverki afþreyingar og stundum höfðu þær líka skemmtanagildi þar sem fólk kom saman. Nú hefur verið fjallað um uppruna og einkenni þulna og næst má velta fyrir sér hvaða hlutverki þær hafi gegnt og hvað hafi orðið til þess að slíkur kveðskapur varð til. Þetta sagði Njáll um tilurð þulna:

Það er náttúrulega einhvers konar þörf hjá manneskjunni til að fara með svona efni og hafa það um hönd, flytja það bæði til þess að hafa þetta til ánægju fyrir sjálfa sig og líka fyrir aðra. Ég hygg að í gegnum tíðina hafi algengur vettvangur fyrir þulurnar verið að hafa ofan af fyrir börnum og unglíngum á vissum tímum sólarhringsins.

Á 19. öldinni voru þulurnar kveðnar í rökkrinu á kvöldin, sérstaklega yfir veturinn því þá var skammdegið meira og líf og starf með öðrum hætti heldur en á sumrin. Þegar vinnudegi lauk kom fólkið inn í bæinn og lagði sig fram að kvöldmat. Þá fór það með þulurnar til þess að hafa ofan af fyrir börnunum svo hinir fullorðnu gætu fengið ró og frið til að hvíla sig. „Annað hvort skemmtu þau sér sjálf (börnin) og voru þá þessi eldri búin að læra þulur af einhverjum öðrum en það var mjög algengt að það var ein gömul kona sem vakti með börnunum“ sagði Rósa. Seinna um kvöldið hófst svo kvöldvakan sem var meiri skemmtun en þá sat fólkið í baðstofunni og vann tóvinnu. Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi gerir tóvinnunni góð skil í bókinni *Horfnir starfshættir* en bætir þessu við um kvöldvökurnar:

Þó er þáttur til, sem ekki má gleyma í sambandi við kvöldvökurnar, en það er kveðskapur, upplestur og fleira slíkt, sem haft var til skemmtunar. Þótti það ómissandi þáttur, einkum þar sem var margt fólk. Las þá eða kvað einn fyrir alla, svo heyrðist yfir allan gný margra rokka og kamba, og þótti borga sig í ánægju og afköstum.<sup>11</sup>

<sup>11</sup> Guðmundur Þorsteinsson. 1990:79

Á vökunni var líka glímt við gátur, kveðist á, kveðnar rímur og sagðar voru sögur. En sjálfar þulurnar voru ekki aðeins notaðar til að róa börnin heldur líka þeim og öðrum til skemmtunar. Flutningurinn á þulunum tók mið af því hvort verið var að svæfa börn eða skemmta fólki.

Líklega hafa húsmæður fyrri alda átt við svipuð vandamál að stríða og nútímauppallendur við það að hafa ofan af fyrir börnum sínum. Í nútímanum stingum við kannski spólu í myndbandstækið til að fá stundarfrið en í gamla daga varð húsmóðirin að finna sjálf upp á einhverju nýju og spennandi til að börnin róuðust eitt stundarkorn. Ég gríp niður í frásögn Theodóru Thoroddsen sem birtist í *Skírni* 1914 þegar hún lýsir aðstæðum móður í árdaga:

Konan grípur þá til þess örþrifaráðs, að setja saman í hendingum og hljóðstöfum það sem kallað er þula. Enginn tími er til þess að vanda mál og rím, því síður að kveða til lengdar um sama efni, tekið það sem í hugann flýgur, hvað svo sem það er, og börnin taka þakklát móti þessum nýja fróðleik um krumma og kisu, stásmeyjar með gullspöng um ennið, sem ekki geta setið nema á silfurstól, og ekki sofið nema á svanadún, riddara sem gefa stúlkunni sinni gullið alt í Rínarskóg, konungshöllina, þar sem framreiddir eru uggar og roð og kongurinn drekkur syrju og soð, um álfa, dverga, tröll og marbendla og margt margt fl. Þetta læra börnin, og seinna, þegar stúlkubarnið er sjálf komin í sama sköturoðshnakkinn, rifjar hún upp fyrir sér þulurnar, sem mamma kendi henni þegar hún var lítil, en hún man þær ekki orðrétt, en hvað gerir það, bara krakkarnir láti af ærslunum litla stund. Hún gerir sér hægt um hönd, tekur miðpartinn úr einni þulunni og skeytir framan við upphafið á annari, og svo koll af kolli eftir því sem henni hugkvæmist, bætir svo í skörðin frá eigin brjósti. Af þessu leiðir það eðlilega, að einn hefir þessa þuluna á alt annan veg en hinn, þó auðsætt sé að stofninn er einn og samur og alt sama tóbakið.<sup>12</sup>

Í þessu textabroti lýsir Theodóra því hvernig hún telur að þulurnar hafi orðið til og ég er viss um að þær mæður sem lesa þetta finna samsömun við eigin aðstæður í nútímanum. Þannig mun þetta líklega alltaf verða; að þar sem eru börn þarf líka afþreyingu fyrir þau. Munurinn er hins vegar sá að áður var afþreyingin heimatilbúin en nú virðist ekkert hugmyndaflug þurfa til, heldur er hægt að kaupa hana í næstu verslun.

---

<sup>12</sup> Theodóra Thoroddsen. 1914:416



## 4.4 Innihald þulna og ýmsar gerðir

Efnislegt innihald þulnanna er oft misjafnt eftir því hvert yrkisefnið er. Þannig eru þær myndir sem við sjáum í þulunum mikið úr hversdagslífinu, aðallega úr sveitamenningunni sem var í gamla daga. Dýrin, fuglarnir, náttúran og nánasta umhverfi birtist okkur í þulunum og þær endurspegla það sem fólk og börn höfðu fyrir stafni.

Efni þulna, og þá sérstaklega eldri gerðanna, getur stundum verið erfitt að skilja. „Þórnaldarþula“<sup>13</sup> er ein elsta þulan sem skrásett hefur verið sem barnaþula, eða frá 17. öld. Uppruni hennar er óljós en efni hennar þykir dularfullt og fjarstæðukennt og mun varla teljast barnvænt í dag. Það er enn á huldu hvort þulan hafi orðið til út frá sögu sem átti sér stað á þingi fyrir margt löngu. Í riti Ólafs Davíðssonar er tilurð þulunnar lýst svo:

Það er sagt að Þórnaldarþula sé orðin þanninn til, að einu sinni hafi átt að lífláta mann á alþingi, fyrir það að hann hafði barnað systur sína. Vinur hans einn, en aðrir segja kerling eða jafnvel tröllkona eða álfkona, hafi þá tekið það til bragðs, að þylja þuluna til þess að menn skyldu síður taka eptir sakamanninum. Þetta hafi líka tekizt, því allir hafi hlýtt á meðan þulan var flutt, en sakamaðurinn komizt undan á meðan ríðandi.<sup>14</sup>

Ýmsu efni og minnum úr sögnum hefur verið skotið inn í þulur eins og áður hefur komið fram. Í þulunni „Karl tók til orða“<sup>15</sup> kemur brot úr Grettis sögu inn í seinni hluta hennar en upprunalegt kvæði nefndist Grettisfærsla og þótti svo klámfengið að reynt var að eyða því út úr handritinu fyrr á öldum. Fatnaður varð fólki líka að yrkisefni eins og þulan „Stúlkurnar ganga suður með sjó“<sup>16</sup> ber með sér, en þar er fjallað um þann fatnað sem kvað vera glæsilegur og prýða mundi hverja stúlku. Því má ætla að slíkar þulur hafi yljað margri stúlkunni þar sem hún sat við tóvinnu í baðstofunni að búa til föt á sjálfa sig eða aðra. „Krumminn í hliðinni hann er að slá“<sup>17</sup> er nokkurs konar öfugmælaþula, en vitanlega getur krummi ekki slegið gras. Kannski hafa sumar þulur ekki átt að skiljast, heldur leyfa ímyndunaraflinu að fara af stað.

<sup>13</sup> Jón Samsonarson. 2002:82-85 (sjá fylgiskjal C)

<sup>14</sup> Ólafur Davíðsson. 1898:178

<sup>15</sup> Rósa Þorsteinsdóttir. 2000:36-42 (sjá fylgiskjal C)

<sup>16</sup> Ófeigur J. Ófeigsson. 1945:155-157 (sjá fylgiskjal C)

<sup>17</sup> Ófeigur J. Ófeigsson. 1945:31-33 (sjá fylgiskjal C)

Pulan „Sat ég undir fiskihlaða föður míns“<sup>18</sup> er dæmi um ævintýralegt innihald. Jón Samsonarson lýsir tilgangi slíkrar þulu á þennan veg:

Öllu betri aðferð varð varla fengin til að glæða skáldlegt hugmyndaflug og ímyndunarafl sem nýtast kunni við sagnaskemmtun ævilangt, að vinna úr og setja á svið frásagnir og atvik sögunnar sem lesin var eða hlýtt á, og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi fékk lausan taum á sínu eigin leiksviði.<sup>19</sup>

Vel er hægt að ímynda sér að börnum hafi þótt þulur á borð við þessa skrítnar, en um leið skemmtilegar og vakið upp margar spurningar hjá þeim. Það mætti kannski líkja þessu við nútímaævintýri og marga sjónvarpsþætti sem eru nokkurs konar fantasíur þar sem söguhetjan getur gert allt mögulegt og alls konar furðudýr koma við sögu.

Hvergi í ritum má sjá að þulur séu flokkaðar sérstaklega en þess er þó getið ef um barnaþulur er að ræða. Lauslega er þó hægt að flokka barnaþulur eftir innihaldi þeirra, t.d. talnaþulur, nafnaþulur, leikjaþulur eða gátuþulur svo dæmi séu nefnd. Talnaþulur útskýra sig sjálfar en í þeim er verið að telja ýmsa hluti. Nafnaþulur eru runur af nöfnum, t.d. mannanöfnum, en líka trölla-, jólasveina- dýra- og grýlubarnanöfnum. Af dýranöfnum má nefna ýmsar kúaþulur, t.d. „Sól skín á fossa“<sup>20</sup> og fuglaþulur. Pulan „Heyrði ég í hamrinum, hátt var þar látið“<sup>21</sup> er einnig nafnaþula; í fyrri hluta hennar er aðallega upptalning á stúlkunöfnum en í síðari hluta hennar breytist hún í nokkurs konar ættartölu frá gömlum tíma þar sem eru rakin karlmannsnöfn í marga ættliði, allt til Óðins. Fáeinar þulur hafa verið settar fram í formi gátu en þá eru t.d. mannanöfn falin í ljóðlínunum og það á að finna hvaða nafn gæti legið þar að baki. Ýmsar leikjaþulur og kveðlingar voru líka kveðin fyrir börn og þá skemmtu þau sér og dilluðu með þeim.

Hafa ber í huga að ýmis kvæði eftir nafngreinda eða ónafngreinda höfunda minna mjög á þulur og heita jafnvel þulunöfnum, t.d. Gilsbakkapula, en slík kvæði eru miklu fastari og ákveðnari í bragforminu og teljast því ekki til þulna.

Það er ljóst að fólk virðist hafa tekið saman efni úr hinum ýmsu áttum inn í þulurnar sem hafa gert þær að því sem þær eru. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að skilja þær til fulls. En þulunar voru líklega ennþá frekar nokkurs konar leikur að

<sup>18</sup> Jón Samsonarson. 2002:88 (sjá fylgiskjal C)

<sup>19</sup> Jón Samsonarson. 2002:88

<sup>20</sup> *Vísnaþók um íslensku dýrin*. 2000 (sjá fylgiskjal C)

<sup>21</sup> Ófeigur J. Ófeigsson. 1945:19-24 (sjá fylgiskjal C)

orðum sem höfðu ekki endilega bein tengsl við innihaldið, heldur meira leikinn að orðum og tungumálinu. Sterka hrynjandi og rím þulnanna notaði fólk líka til að geyma ýmsan fróðleik í bundnu máli. Njáll telur að þulurnar hafi einmitt haft veigamiklu hlutverki að gegna m.t.t. varðveislu tungunnar:

Það er ekki vafi á að allur þessi þjóðkvæðaarfur alveg frá elstu kvæðum okkar og alþýðukveðskap sem lifði á vörum þjóðarinnar um aldir; sama hvort það voru lausavísur, rímur, sálmar, þulur, kvæði eða gátur átti gífurlega sterkan þátt í því að halda lífi í íslenskri tungu. Ekki síst á þeim tímum þegar mikil áhrif annarsstaðar frá steðjuðu að tungunni og þjóðmenningunni. En svo er það aftur spurningin hvernig sú barátta fer akkúrat núna á okkar tímum og í framtíðinni.

Ein leiðin til að fylgjast með tungumálinu er að skoða barnameninguna. Heimildum um það efni sem börnin sjálf rauluðu eða sungu fyrir á tímum er mjög áfátt að sögn Njáls og söfnun af því tagi hefur lítið verið sinnt. Þess vegna vantar okkur miklar upplýsingar bæði um barnameningu liðins tíma og nútímans. Njáll taldi að gera þyrfti bragarbót á því fyrir en seinna og safna því efni sem börn hafa fyrir munni sér til að geta fylgst með því hvernig barnameningin og tungumálið breytist og þróast með tímanum.

## 4.5 Flutningsmáti

Ýmsir velta því eflaust fyrir sér hvernig eigi að fara með þulur. Það fækkar stöðugt því fólki sem kann stemmurnar eða lögin við þulurnar og getur maður því áætlað að algengasti flutningsmátinn í dag sé að lesa þulurnar upp eins og ljóð. Ég spurði Njál að því hverjar væru leiðirnar við að flytja þulur.

Það er einn möguleiki að mæla þulurnar fram, fara með þær án þess að þar komi nokkur tónlist, lag, stemma, stef eða nokkuð til. Hrynjandin, rythminn og söngur eða kveðskapur er mjög sterkt afl í flutningi þulnanna og við höfum dæmi um að þær séu mæltar fram þannig að maður skynji undirliggjandi hreyfingu, jafnvel svo að það sé ástæða til þess að slá taktinn með eða stappa niður fæti.

Það skiptir sem sagt ekki öllu máli hvernig þulurnar eru fluttar og hver og einn flytjandi getur haft sinn stíl. Það er vissulega sterk hrynjandi í þulunum og það getur líka verið ágætt að lesa þulurnar með áherslu á rímið. Samkvæmt því sem Njáll segir hér að ofan held ég að enginn þurfi að hafa minnimáttarkennd vegna þess að kunna ekki lagið með þulunni heldur er hverjum og einum fjálst að flytja þær eins og honum finnst best. Svo er auðvitað sá möguleiki fyrir hendi fyrir áhugasama að nálgast þululögin þar sem þau eru varðveitt, t.d. í Árnastofnun eða af geisladiskum, og læra lögin.

Fyrr á öldum voru þulurnar oftast fluttar með einhverju lagi en það er líklega ekki sama hvaða lög eru sungin eða rauluð með þulunum. Njáll sagði að flest þululög væru einfaldar stemmur sem væri auðvelt að leggja á minnið: „Mjög algengt að þetta séu laglínustúfar sem notaðir eru og endurtaka sig aftur og aftur á örfáum tónum og eru lagaðir til og fólkið lagar í munni sér eftir þörfum textans.“ Rósa sagði að það væri ekki þannig að hver þula ætti sér sitt eigið lag heldur frekar svo að hver flytjandi ætti sitt lag sem hann færi jafnvel með við allar þulurnar sem hann kynni: „Og það er náttúrulega svoléiðis sem þetta gerist í munnlegri hefð að fólk lærir eitthvað og svo breytir það því eftir sínum smekk og sínum viðhorfum en telur samt að það fari með hlutina eins og það lærði þá.“ Flutningurinn er í sjálfu sér ekki það mikilvægasta heldur frekar það að viðhalda þulunum og halda þeim gangandi.

Fáein þululög eru til varðveitt á prenti í þjóðlagasöfnum, t.d. í þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar, *Íslensk þjóðlög*. Best er þó að nálgast þululög í segulbandasafni Stofnunar Árna Magnússonar eða á öðru útgefnu efni.

## 4.6 Blómaskeið

Flestir hlutir sem verða til og öðlast vinsældir eiga einnig sitt blómaskeið, þ.e. ákveðið tímabil þar sem þeir eru upp á sitt besta. Blómaskeið þulna telur Njáll hafa verið þegar velmegunin var hvað mest á 19. og 20. öld, eftir að þjóðinni fór að fjölga aftur eftir harðindi Skaftárelda og áður en áhrif frá útlöndum og fjölmiðlum fóru að verða hér mjög ríkur þáttur. Þegar nær dregur nútímanum hafa þulurnar hins vegar smám saman fallið í gleysku í samfélaginu. En hvað varð til þess að áhugi fólks á þulunum dvínaði? Njáll taldi tilkomu útvarpsins hafa haft sitt að segja um hnignun þulnanna:

Það verða algjör vatnaskil eða tímamót í íslenskri þjóðmenningarsögu þegar Ríkisútvarpið kemur til sögunnar 1930 og eftir það kemur útvarpið á stuttum tíma inn á nánast öll heimili landsmanna. Þar með eru komin ákaflega rík og sterk menningaráhrif frá útlöndum og kominn inn á heimilið miðill sem sér fólkinu fyrir þeim þörfum sem það sjálf þurfti að uppfylla áður.

Með tilkomu útvarpsins og fjölmiðla fékk fullorðna fólkið eitthvað við sitt hæfi en hafði áður verið að gefa af sér sjálfu til annarra og miðla hinu þjóðlega efni, eins og kveðskapnum á kvöldvökunum. Grundvöllurinn fyrir þessari alþýðlegu þjóðmenningu þar sem fólkið þurfti sjálf að hafa ofan af fyrir sér hvarf. Í útvarpinu voru dagskrárliðir sem komu í staðinn fyrir annað efni, t.d. lestur passíusálma í stað sálmasöngs áður á heimilunum og útvarpsmessur komu í stað húslestranna. Ný tækni leysti þjóðkvæðin af hólmi og afþreyingarmáti fólksins breyttist.

Eins og við vitum gengur ýmislegt, t.d. fatatíska, í hringi og öðlast vinsældir aftur seinna. Þegar eitthvað nýtt skýtur upp kollinum leggjum við það gamla til hliðar um stund og líklegt er að eitthvað svipað hafi gerst með þulurnar þegar útvarpið kom til sögunnar og nýtt efni ruddi sér til rúms. Njáll telur að áhugi á þjóðmenningu og kveðskap sé nú að vakna á ný meðal þjóðarinnar.

Það er eins og að áhugi á þessari gömlu þjóðmenningu sé að endurvakna og ég hygg að það eigi við um þulurnar eins og annað alþýðlegt menningarefni. Rímurnar og rímnakveðskapurinn, stemmurnar og kvæðalögin... Það er vaxandi áhugi meðal fólks á ýmsum aldri fyrir þessu.

Almennt talið má búast við því að Íslendingar hafi gaman af kveðskap enda oftast en ekki fullt hús gesta á vísnaðkvöldum og hagarðingamótum. Kveðskaparhefðin er svo sterk og hefur fylgt þjóðinni svo lengi sem menn muna og tel ég að sá dagur muni seint koma að kveðskapur verði með öllu útmáður úr þjóðmenningunni.

## 4.7 Þulur sem hluti af lifandi hefð

Mikil umræða um fjölmenningu hefur verið í samfélaginu undanfarin ár og spurningar vakna um það hvar íslensk þjóðmenning standi. Það virðist oft vera lögð mikil áhersla á að leyfa fjölmenningu að njóta sín sem er auðvitað ágætt en ég velti því fyrir mér hvort okkar menning eigi það á hættu að verða undir. Að mínu mati þurfum við að fara að gefa okkar eigin menningu meiri gaum og kynnast henni í ríkari mæli hvort sem hún á í samkeppni við aðra menningarheima eða ekki. Að margra mati er það skylda okkar sem þjóðar að viðhalda henni. Þetta er allt spurning um að viðhalda því sem við höfum í höndunum núna og þar erum við sjálf í lykilhlutverki. Ef við viljum ekki að þulur þurrkist alveg út í náinni framtíð þá verðum við að grípa í taumana áður en það verður of seint.

Í leikskólum dafna alls konar lög og vísur sem taka breytingum í tímans rás eða önnur ný koma í staðinn. Ég velti því fyrir mér hvernig þulur standa sig í samkeppni við nýtt efni en Rósa telur þær vera á undanhaldi í menningu okkar:

Ég hugsa að þær láti nú ansi mikið í minni pokann. Ég er ekki viss um að það sé stundað mikið á leikskólum að kveða þulur. Það eru örugglega þessi nýju leikskólalög sem eru mest notuð... En það má samt ekki gleyma því að þetta á auðvitað að vera lifandi hefð og þulurnar voru það en ég held ég geti ekki fullyrt að þær séu það lengur.

Útlitið er ekki gott fyrir þulurnar og þær virðast vera að þurrkast út smátt og smátt. Staðreyndin er sú að tímarnir breytast og það sem er nýtt fyrir okkur í dag verður orðið gamalt eftir nokkur ár. En hvernig getum við gert þulurnar að lifandi hefð? Það getum við gert með því að halda áfram að flytja þær og viðhalda þeim þannig sem menningararfí. Við berum öll ábyrgðina á því að þjóðmenningarlegu efni sé haldið við. Ester Jónsdóttir, leikskólakennari, sagði að ábyrgðin lægi sérstaklega hjá leikskólakennurum: „Mér finnst að við ættum að fylgja þessu eftir eins og öðrum málum.“ Rósa hafði hins vegar þetta um ábyrgðina að segja:

Það þarf náttúrulega enginn að taka á sig neina ábyrgð á því. Þeir sem hafa aðgang að þjóðfræðaefni, svona fólk eins og ég getur náttúrulega komið þessu á framfæri. Ekki ætla ég að segja að þetta sé ábyrgð leikskólakennara eða kennara á nokkurn hátt. Þeir hafa sko nóga ábyrgð held ég....

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og eru stærstu fyrirmyndirnar í lífi þeirra. „Það læra börnin sem fyrir þeim er haft,“ segir máltækið og það er hverju orði sannara. Þulurnar góðu lærðu börn af foreldrum sínum og báru áfram til sinna barna síðar. Um leið og dregið var úr notkun þulna vegna breyttra þjóðfélagshátta féllu þær smám saman í gleymsku. Ég spurði Rósu hvort hún teldi að foreldrar hefðu áhuga á því að kenna börnum sínum þulur.

Auðvitað væri það gaman að foreldrar hefðu áhuga á að kenna börnunum sínum svona skemmtilegt, þetta er nefnilega svo skemmtilegt efni. Þegar við eigum svona efni, hvers vegna þá ekki að nota það alveg eins og eitthvað sem er búið til eða jafnvel þýtt?

Foreldrar hafa val um að kenna börnum sínum þulur og það væri vissulega gott ef fleiri hefðu áhuga á því. Það er mikilvægt, eins og Rósa segir, að þeim sem flytur þulurnar verður líka að þykja þær og efni þeirra skemmtilegt því að annars skiptir það litlu máli og skilur ekkert eftir. Svo eru þulurnar á íslensku í þokkabót. Að hennar mati mætti líka breyta eldri þulum eða búa til nýjar og nota efni úr raunveruleikanum eins og hann er núna „en ég held samt líka að krakkar hafi gaman af því sem þau skilja ekkert endilega. Einhverju sem eru bara svona orðaleikir og orðarunur“ segir hún. Þess vegna ætti þeim alveg eins að líka við gamlar þulur þó umfjöllunarefni þeirra sé ekki nútímalegt. Frá upphafi eru þulur nefnilega nokkurs konar leikur að orðum þar sem ljóðlínur eru stundum settar saman án nokkurs samhengis.

Jón Árnason hugðist gefa barnaþulur út með þjóðsagnasafni sínu sem kom út á árunum 1862-64, en þegar til kom reyndist ekki vera rúm fyrir þær. Hann hafði gert drög að inngangi um barnaþulur, sem ástæða er til að grípa niður í, hvar hann líkir barnshuganum við form þulunnar:

Flestar íslenskar þulur bera það með sér að þær eru barnagaman, þær eru barnamál í bundinni ræðu, rímið og hljóðfallið er svo einfalt, að það fellur svo vel í eyra barnanna og innihaldið er oftast líkt tali og hugsunum þeirra. Í þulunum er daglega lífinu, þjóðsögum og barnasögum blandað saman í eina bendu og sífellt hlaupið úr einu í annað, án þess hinir einstöku hlutar séu tengdir saman af nokkurri fastri hugsun, barnssálin er enn þá ekki vöknud til meðvitundar um orsakir og afleiðingar, hún er eins og skuggsjá, sem grípur allt er við horfir án þess að hugsa um hvert nokkuð eðlilegt samhengi er milli hinna einstöku parta; börnin eru ánægð með gullastokkinn sinn, þegar hann er fullur af margskonar hlutum, skeljum, hnöppum leggjum og glerbrotum, og þulurnar eru

í sinni röð ekki ósvipaðar. Hugmyndirnar leika lausar, hoppa og stökkva eins og ljósgeislarnir í marglitu gleri.<sup>22</sup>

Þetta eru falleg skrif um fyrirbæri sem erfitt er að útskýra í fáum orðum og það kemur líka á óvart að karlmaður hafi ritað þau á þessum tíma. Það má túlka þessi orð svo að barnapulur hafi bæði verið leikfangið og leikurinn sjálfur. Þótt Jón hafi ekki verið uppeldisfræðingur var hann meðvitaður um hinn frjóa huga barna og hvernig þeim er eiginlegt að lifa og leika í eigin heimi upplifana og ímyndunar. Það skýtur stoðum undir það að við þurfum ekki alltaf að vita allt heldur er nauðsynlegt að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn öðru hverju, sérstaklega þegar unnið er með börnum.

## 4.8 Varðveisla

Sem betur fer hafa Íslendingar verið duglegir að safna ýmsum heimildum, þar á meðal þjóðkvæðum, og skrifa í handrit sem annars hefðu glatast. Talað er um varðveislu í því sambandi en tvenns konar varðveisla er á þulum, annars vegar það sem hægt er að kalla bóklega geymd og hins vegar munnlega geymd.

### 4.8.1 Bókleg geymd

Bóklega geymdin er tvíþætt, annars vegar handrit og hins vegar prentaðar bækur sem byggja í flestum tilvikum á handritunum. Talsvert mikið af handritum eru til og hægt að ganga að þulum í ýmsum handritasöfnum, t.d. handritadeild Landsbókasafnsins í Þjóðarbókhöðunni og handritasafni í Stofnun Árna Magnússonar. Prentaðar heimildir um þulur eru aðgengilegri en handritin og þar ber helst að nefna safnritið *Íslenzkar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur* sem minnst var á í 2. kafla, en það er fjögurra binda verk sem kom út í lok 19. aldarinnar. Það nær yfir íslensk þjóðfræði af margvíslegu tagi og er aðallega unnið af Ólafi Davíðssyni en Jón Árnason lagði líka hönd á plóginn í upphafi söfnunarinnar. Í þessu safnriti er mikið af efni sem var ekki lengur til í munnlegri hefð þegar farið var að safna inn á segulbönd löngu síðar. En það má líka reikna með því að mikið hafi glatast sem ekki var skrifað í handrit. Í safnriti Ólafs er hægt að finna mörg og mismunandi brot sem runnin eru úr sömu

---

<sup>22</sup> Jón Samsonarson. 2002:75-76



þulunni en hafa breyst í meðförum manna á milli. Það eru helst orðin sem eru ekki alltaf þau sömu, ýmist hafa orð verið felld út eða skipt út fyrir önnur. Það er fróðlegt að skoða þessar þulur og bera þær saman og það sannast sem áður hefur verið minnst á; að þulurnar hafa varðveist eftir minni og þegar fólk rak í vörðurnar þá skáldaði það bara eitthvað í staðinn eftir eigin geðþótta og smekk.

Hingað til hafa líka verið gefnar út bækur með þulum, bæði gamlar þulur en líka nýjar eftir nútímahöfunda, sem hægt er að nálgast víða á bókasöfnum og er vert að skoða.

#### 4.8.2 Munnleg geymd

Munnlega geymdin eru hljóðritanir þar sem þulurnar eru mæltar fram, raulaðar, sungnar eða kveðnar inn á segulband. Mikið og fjölbreytilegt safn hljóðritana af þulum er varðveitt hjá Stofnun Árna Magnússonar. Þrír fræðimenn eiga mestan heiðurinn að því mikla safni, en þeir eru Hallfreður Örn Eiríksson, Jón Samsonarson og kona hans Helga Jóhannsdóttir. Hallfreður Örn starfaði um áratugaskeið í Stofnun Árna Magnússonar og safnaði þjóðsögum, þjóðkvæðum, kveðskap, rímnakveðskap, lausavísu, þulum, sálmasöng, passíusálmum, huldufólkssögum og munnmælasögnum. Að sögn Njáls ferðaðist Hallfreður Örn víða um land og fór meira að segja til Vesturheims ásamt konu sinni og þau söfnuðu efni meðal Íslendinga þar. Hinir safnararnir, hjónin Jón og Helga, stunduðu margvíslegar rannsóknir og fræðastörf á þessu sviði. Söfnun þeirra og Hallfreðs náði yfir áratugi en hún var mest á árunum 1960-70 og stóð allt fram á 8. áratuginn. Þetta var því milli 20-30 ára söfnunarstarf sem þessir þremmingar unnu að. Fleiri hafa líka lagt hönd á plóg eins og Þórður Tómasson safnvörður í Skógum og Njáll Sigurðsson, einn viðmælenda minna.

Aðgengilegust er munnleg varðveisla á þulum í segulbandasafni Stofnunar Árna Magnússonar þar sem er góð skrá í tölvu yfir allt safnið en einnig er stórt safn varðveitt í Ríkisútvarpinu. Flytjendur á segulböndunum eru bæði konur og karlar víða að af landinu. Njáll segir hljóðritanirnar vera mikilvægar vegna þess að þær séu:

Tæki til þess að brúa og framlengja þetta tímabil hinnar munnlegu geymdar... Þessar gömlu upptökur og hljóðritanir; fyrst á vaxhólkum, síðan á skornum lakkplötum, segulböndum, kassetum og svo á geisladiskum, hafa verið mikilvægur liður í því að koma þessu efni, hefðinni og flutningsmátanum, nánast sem lifandi hefð

frá eldri kynslóðunum og *horfðu* kynslóðunum til hinna yngri sem að langar til að tileinka sér þetta. Þannig höfum við nútímafólkið tækifæri til að njóta þessa og tileinka okkur þetta með því að hlusta á gamlar upptökur og reyna að læra eftir þeim.

Nútíma tækni gerir okkur kleift að njóta þessa gamla efnis og tileinka okkur það með því að hlusta á gamlar upptökur og reyna að læra eftir þeim. Þess verður vonandi ekki langt að bíða að við fáum þulur á geisladiskum og getum farið að læra þulurnar og lögin utanbókar. Slík útgáfa er frábær leið til þess að brúa bilið á milli kynslóða.

## 4.9 Samantekt

Þulur eiga sér langa sögu í þjóðmenningunni en elstu varðveittu þulurnar eru taldar vera frá síðmiðöldum. Efni elstu þulnanna ber það með sér að höfða fremur til fullorðinna en barna en þulurnar hafa þróast með tímanum og þekkjast nú nær eingöngu sem barnaþulur. Það sem einkennir þulur eru langar orðarunur, nafnaupptalningar og endarím. Þær hafa breyst í meðförum fólks og þess vegna eru í mörgum tilfellum til fleiri en ein útgáfa af sömu þulunni. Barnaþulurnar voru kveðnar fyrir börn ýmist til að róa þau eða svæfa en líka þeim til skemmtunar. Þær voru afþreying síns tíma og gáfu ímyndunaraflinu lausan tauminn því að í þulunum gat margt gerst sem raunveruleikinn hafði ekki upp á að bjóða. Þulur síðustu aldar endurspeglu sveitameninguna sem þá var og hét, þar sem náttúran og dýrin urðu fólki að yrkisefni. Áður fyrr voru þulurnar oftast kveðnar með þululögum, einföldum stemmum á fáum tónum, en nú er algengara að fólk mæli þulur af munnni fram.

Notkun þulna er talin hafa haldist að einhverju leyti í hendur við fólksfjölda og verið meiri á velmegunartímabilum í lífi þjóðarinnar. Áhrif fjölmiðla eru m.a. talin ástæða þess að þulurnar eyddust smám saman út á 20. öldinni en nú virðist sem áhugi á ýmiss konar þjóðfræðaeefni og alþýðukveðskap sé að aukast. Framtak framsýnna manna við að bjarga slíkum verðmætum frá glötun, taka efni upp á segulband og koma á prent, á sinn þátt í því að enn í dag getum við notið þulnanna, lært þær og þannig viðhaldið þeim í menningunni.

## 5. Þulur í leikskólastarfi

Hér á undan hef ég rakið sögu þulna og hvernig þær hafa þróast til dagsins í dag frá því að vera skemmtiefni fyrir fullorðna og til þess að vera afþreyingarefni fyrir börn. Uppeldi ungra barna hefur vissulega breyst í gegnum aldirnar, ýmislegt hefur dottið upp fyrir og annað komið í staðinn. En börn eru alltaf börn sama hvar í heiminum þau eru og sama hvaða tími er. Alltaf hefur það tíðkast að lesa fyrir þau sögur og þeim eru ennþá kenndar vísur og sönglög, bæði heima og í leikskólunum. Þulurnar voru góðar og gildar áður fyrr svo hvers vegna skyldum við hafna þeim nú? Hefur upveldi barna breyst svo mjög í gegnum aldirnar? Ég hef trú á því að þulur geti komið að notum í upveldi ungra barna núna rétt eins og þær gerðu fyrir 100 árum og vil gefa lesendum innsýn í það.

*Aðalnámskrá leikskóla* var gefin út af Menntamálaráðuneytinu árið 1999 og „er lögum samkvæmt hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir að uppeldisstarfi í leikskólum landsins.“<sup>23</sup> Hún er tiltölulega víður rammi utan um starfið og gefur leikskólakennurum nokkuð frjálssar hendur við að skipuleggja það. Því starfi sem fram fer í leikskólum er fyrst og fremst ætlað að stuðla að þroska ungra barna á allan hátt. Það fylgir því gífurleg ábyrgð að vera leikskólakennari og sjá til þess að öllum þroskaþáttum hvers barns sé sinnt; að komið sé til móts við barnið þar sem það er stött og stuðlað að framförum þess.

Í *Aðalnámskránni* eru áhersluþættirnir í leikskólauppeldi nefndir námssvið. Þessi námssvið eru: „hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.“<sup>24</sup> Námssviðin skarast og eru samofin leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Hver leikskóli fléttar námssviðin inn í starf sitt, hver með sínum áherslum. Námssviðin eru mjög almenns eðlis og hollt veganesti þegar öllu er á botninn hvolft.

Í fyrstu kann fólk að tengja þulur við málrækt og svo tónlist en ef grannt er skoðað má sjá tengingar við fleiri þætti. Í undirköflunum hér á eftir styðst ég áfram við viðtölin ásamt skrifuðum heimildum. Fyrst eru útskýrð námssvið leikskóla eins og þau birtast í *Aðalnámskrá leikskóla* og svo eru þulurnar tengdar við hvert og eitt þeirra.

---

<sup>23</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:34

<sup>24</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:19

## 5.1 Hreyfing

Hreyfing og tónlist eru oft á tíðum mjög samofnir þættir og oft getur hvorugur án hins verið. „Barn tengir oft hljóð og tóna við reglubundnar líkamshreyfingar, það hreyfir sig eftir tónlist, snýr sér í hringi, ruggar sér og hoppar.“<sup>25</sup> Þegar farið er með þulur má glöggf finna sterkan undirliggjandi takt, sérstaklega þegar lögð er áhersla á endarímið. Þess vegna ætti það að vera eðlilegt fyrir börn að hreyfa sig með þeim þegar þær eru fluttar. Rósa bendir á að sumar barnaþulur hafi verið notaðar til leikja:

Svo eru náttúrulega alls konar stuttar þulur, svona leikjaþulur, eins og Ró, ró og rambinn og Klappa saman lófunum sem eru til þess að halda athyglinni en ekki til þess að svæfa. Þær er líka hægt að leika við með alls konar hreyfingum; stíga, róa, rugga og klappa saman lófunum og fleiri hreyfingar sjálfsagt.

Það hlýtur að hafa aukið á tilþrífingunni við flutninginn að geta hreyft sig með þulunum. Ýmsar barnagælur voru áður notaðar með hreyfingum, s.s. að stíga við stökkinn. Í hreyfileikjum eykst samhæfing hreyfinga, jafnvægi og öryggi barnsins<sup>26</sup> og þó þetta hafi sjálfsagt ekki verið neinar þolæfingar á sínum tíma var þetta samt sem áður tilbreyting og skemmtilegur leikur.

## 5.2 Málrækt

Það er ákaflega mikilvægt að stuðla að ræktun móðurmálsins í leikskóla. Í Aðalnámskránni er komið inn á það hvernig þulur geta verið liður í málrækt í leikskóla í gegnum móðurmálið. Þar stendur að það beri „að leggja áherslu á málrækt í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur.“<sup>27</sup> Þulur gefa tilefni til að læra ný orð og umræðna um innihaldið í kjölfarið ef farið er út í það að útskýra orðin. Þulurnar eru ríkar af orðum og rími og í leikskólum er oft lögð áhersla á þessa þætti við málörvun; að lesa fyrir barn og leika sér með rím, en „...leikir með rím, tóna og takt auka hæfni þess til að greina hljóð.“<sup>28</sup> Þess vegna henta þulurnar mjög vel til málörvunar því að í þeim er

---

<sup>25</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999:24

<sup>26</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999:19

<sup>27</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999:20

<sup>28</sup> Aðalnámskrá leikskóla. 1999:21

allt ofantalið; endarímið, tónarnir ef maður vill syngja þær eða tóna og svo er takturinn líka mjög sterkur í þeim.

Þulur geta hentað ungum börnum, allt frá því að þau byrja að tala við 2 ára aldur og alveg til 5-6 ára aldurs en þá eru börnin orðin þroskaðri og tilbúin til að taka við öðru efni. Þrátt fyrir að ung börn skilji ekki ennþá sum orð sem þau heyra í sögum og lögum, leggja þau samt sem áður grunninn að málþroska þeirra. „Þulan sem er yfirfull af allskyns orðum, fær þau (börnin) auðveldlega til að hrífast með. Þulan er taktföst, börnin fara með hana aftur og aftur. Þau skilja hana ekki en kunna hana, það er svo gaman.“<sup>29</sup> Orðin læra þau bara seinna en mörg börn kunna líka erlenda texta án þess að skilja þá heldur. Það er vert að huga vel að málumhverfi barna og við sem eldri erum megum ekki komast upp með einfaldar setningar og orð. Börn undir þriggja ára sem aldrei heyra sjaldgæf orð reynast hafa lakari orðaforða og ná síður fullum málþroska.<sup>30</sup> Það er mikilvægt að tala þroskað mál við börn því það er líka liður í því að kynslóðir geti talað saman og skilið hver aðra.

Það er í sjálfu sér ekki svo áriðandi að útskýra allt við þulurnar heldur má líka leyfa börnunum að skilja þulurnar á sinn hátt. „Stundum þarf maður að útskýra ef það kemur eitthvað skrytið orð“ segir Ester. Njáll telur að efni eins og þulurnar lærist meira og minna eftir hljómi orðanna og eftir heyrn: „En þegar fólk fer að eldast og þroskast þá fer það að hugsa um það hvað þetta þýðir en oft á tíðum eru þulurnar meira leikur að orðum og hrynjandi heldur en beinlínis efnislegt inntak.“ Sumar þulur eru torskildar, jafnvel fyrir fullorðna, og mörg orðanna finnast ekki einu sinni í orðabókum. Þannig þulur gera bara ímyndunaraflið fjörugra og hver getur skilið þær á sinn hátt.

Í mörgum leikskólum á landinu er prófið Hljóm-2 lagt fyrir 5 ára börn til að meta hljóðkerfisvitund þeirra, þ.e. hljóðkerfi tungumálsins. „Sérstök áhersla er lögð á að finna þau börn sem eru með slaka hljóðkerfisvitund. Þannig gefst tækifæri til að þjálf þá nemendur sem eru þar í áhættuhópi varðandi lestrarerfiðleika áður en eiginlegt lestrarnám hefst.“<sup>31</sup> Til að þjálf hljóðkerfisvitundina er m.a. talið mikilvægt að örva málþroska barnsins. Það er hægt að gera á margan hátt, t.d. með því að lesa fyrir barnið, syngja og fara í ýmsa málörvunarleiki. Hinar ýmsu hversdagslegu athafnir, eins og að klæða sig í fataklefanum og borða við matborðið, gefa líka tilefni

<sup>29</sup> Áslaug Benediktsdóttir og Hólmsfríður Gunnlaugsdóttir. 1992:12

<sup>30</sup> Howle, Mary Jeanette. 1989:18-19

<sup>31</sup> Amalía Björnsdóttir o.fl.2003:9

til málörvunar. Þulurnar er hægt að fara með hvenær sem er og þær eru í rauninni tilvaldar til að fylla upp í þau „göt“ sem eiga það til að myndast t.d. þegar verið er að bíða eftir matnum eða til að dreifa huga barnanna. Kunni starfsmaður þulu utan að er minnsta mál að þylja hana fyrir börnin og þau hrifast auðveldlega með. Þulur geta því stundum verið skyndibiti fyrir sálina, tilbúinn til neyslu hvenær sem er.

Eins og ég kom inn á hér að framan stendur beinlínis í Aðalnámskránni að kenna eigi börnum þulur og kvæði. Leiðirnar við að kenna börnum þulur eru margar. Ester segir mikið hafa verið lagt upp úr því í hennar námi til leikskólakennara, að skrifa upp ljóðlínur þulna og teikna myndir við. „Og það var mikið gert af því að teikna upp þulurnar og hafa þær í loðtöfluformi. Við gerðum það heilmikið.“ Með loðtöflu á Ester við að hún teiknar eða býr til myndir með hverri setningu eða ljóðlínu í þulunni, plastar inn og límir svokallaðan franskan rennilás aftan á. Svo fer hún með þuluna með börnunum og festir hverja mynd og ljóðlínu á gólfteppisbút sem hangir á vegg fyrir framan þau. Þetta er góð aðferð við að kenna börnum þulur þar sem ritmálið verður sýnilegt og myndirnar auðvela börnunum að sjá þuluna myndrænt fyrir sér. Á þennan hátt getur bæði verið skemmtilegt og þroskandi að læra þuluna auk þess sem aðferðin skerpir sýn á innihaldið.

Ester kennir þulurnar líka þannig að til að byrja með eiga börnin að vera eins og bergmál og endurtaka það sem hún segir. „Og svo náttúrulega seinna getum við lesið þuluna eða farið með hana saman, þegar þau eru búin að læra hana“ segir hún. Það er líka hægt að lesa þuluna þannig að börnin eigi alltaf að segja endarímið og smám saman verður þeim þulan tamari.

Eins og fram hefur komið (í kafla 4.4 Innihald þulna og ýmsar gerðir) eru þulurnar mismunandi eftir efni þeirra og getur maður ímyndað sér að forðum daga hafi sumar þeirra verið liður í því að kenna börnum að telja, læra heitin á vikudögunum, fuglanöfn og fleira. Það eru þulur eins og talnaþulan „Einn og tveir, inn komu þeir,“ sem áður hefur verið minnst á, „Táta, Táta, teldu dætur þínar“<sup>32</sup> og „Mánudaginn, þriðjudaginn, kerling sat og spann.“<sup>33</sup> Með þannig þulum læra börnin á skemmtilegan hátt að telja og læra vikudagana. Yfirleitt eru börn mjög fljót að læra texta og lög og þess vegna eru þulurnar skemmtileg leið til að læra einfalda hluti eins og nöfn og önnur hugtök í bundnu máli. „Það örvar líka málþroska og orðaforða barnsins þegar lesið er fyrir það og barnið lærir um liti og form, nöfn á hlutum og

<sup>32</sup> Ófeigur J. Ófeigsson. 1945:69-71 (sjá fylgiskjal C)

<sup>33</sup> Ólafur Davíðsson. 1898:224 (sjá fylgiskjal C)

lífshætti hjá öðru fólki.<sup>34</sup> Þegar þau hafa náð tökum á þulunum eykst hugtakaskilningur þeirra og þau geta farið að nýta sér þessa þekkingu meira í daglegu lífi.

### 5.3 Myndsköpun

Í öllum leikskólum er svokallaður listakrökur þar sem börn fá tækifæri til ýmiss konar listsköpunar en „sköpunarþörf barna er mikil, þau teikna, mála og móta frjálst eftir eigin hugmyndum á sinn sérstæða hátt.“<sup>35</sup> Oft má sjá í verkum barna túlkun þeirra á umhverfinu og eigin upplifunum. Þannig getur listsköpun verið mikilvægur tjáningarmiðill og myndmál barnanna virkað sem annað tungumál þeirra ef svo mætti segja. Uppeldisfræðingarnir Lowenfeld og Brittain „leggja mikla áherslu á sköpunarhneigð barna og telja að teikningar þeirra og önnur myndsköpun endurspegli hugarheim þeirra og þroska.“<sup>36</sup> Sum börn eru fljótari að komast af stað í sköpunarferlinu en önnur og það má velta því fyrir sér hvort þar sé um að ræða einstaklingsmun eða að þau hafi ekki náð þeim þroska sem þarf til að koma hugmyndum sínum á blað.

Í skólakerfinu virðist oft vera lögð meiri áhersla á að efla rökhugsun nemenda og minni áhersla á að stuðla að skapandi hugsun þeirra en bæði hugsanaferlin eru jafn mikilvæg. Skapandi einstaklingar eru oft sagðir hafa sköpunargáfu, þeir eru frjóir í hugsun og nýjungagjarnir. Robert A. Harris, bandarískur kennari og rithöfundur, telur að allir einstaklingar séu gæddir sköpunargáfu að einhverju marki og nægi að líta á börn því til staðfestingar. Hjá fullorðnum virðist sköpunargáfan oft hafa verið bæld niður á skólagöngunni en hún er þó enn til staðar á fullorðinsárunum og bíður þess að vera vakin. En hvað er sköpunargáfa? Robert segir að í fyrsta lagi sé sköpunargáfa *hæfileiki* til að geta ímyndað sér og fundið upp eitthvað nýtt út frá þeim hlutum og hugmyndum sem þegar eru til. Í öðru lagi að sköpunargáfa sé *viðhorf*; að vera sveigjanlegur, tileinka sér nýjungar og víðsýni. Í þriðja lagi sé sköpunargáfa *ferli* en sköpunarglaðir einstaklingar vinni vel og þeir leitist sífellt við að betrumbæta þá hluti sem þeir vinna með.<sup>37</sup> Þannig er hægt að halda endalaust áfram að telja upp þá

---

<sup>34</sup> Thompson, June. 2000:60

<sup>35</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:23

<sup>36</sup> Valborg Sigurðardóttir. 1989:17

<sup>37</sup> Harris, Robert A.1998.

eiginleika sem einkenna skapandi persónu og könnunumst við flest við forvitna einstaklinga sem þreytast ekki á því að taka áskorunum, kanna nýja hluti o.s.frv. Það er því mikilvægt að umhverfi barns í leikskólanum ýti undir frjóa og skapandi hugsun þess en dragi ekki úr henni.

Líkt og listamenn getur barn stundum verið upptekið af einhverjum ákveðnum stíl, fyrirbærum, formum eða litum. Smekkur og skoðanir fólks eru ólík og þegar við virðum fyrir okkur listaverk leggjum við ekki öll sama skilning í þau og listaverk geta haft mismunandi áhrif á okkur. Barn skoðar líka listaverk og málverk og hefur skoðanir á þeim. „Að skynja og skilja list er hæfileiki sem þróast með barninu. Leikskólinn á að sjá til þess að barnið komist í kynni við ýmiss konar listaverk og listiðnað.“<sup>38</sup> Heimsóknir til listamanna og á listasöfn geta því verið lærdómsríkar fyrir barnið og það tengir nýja þekkingu við það sem það áður þekkti. Barnið á yfirleitt auðvelt með að rökstyðja skoðanir sínar og þorir að segja hvað því finnst. Það er líka næmr á liti og svipbrigði og sökum þess hve hugur þess virðist vera opinn horfir það kannski dýpra inn í myndina en fullorðnir.

Efniviðurinn í listsköpun barna er ekki alltaf penni og blað heldur birtist sköpunargleði þeirra líka í öðrum athöfnum, t.d. í leik. Eins er líka mikilvægt að leikskólakennari sé vakandi fyrir tækifærum í umhverfinu sem geta orðið kveikja að myndverkum barna.<sup>39</sup> Þannig geta bókmenntir líka ýtt undir sköpunarþörfina og eru þulur ekki síðri efniviður en t.d. sögur og ljóð. Þulur eru ævintýri í bundnu máli og jafn mikil uppspretta að myndefni eins og t.d. þjóðsögur. Rétt eins og unnið er að þemaverkefnum út frá bókum í leikskólum er á sama hátt hægt að vinna með þulu. Börnin geta t.d. málað mynd um þuluna eins og hún kemur þeim fyrir sjónir. Leikskólakennarar geta skráð hjá sér það sem börnunum þykir markverðast og útfrá því leitt vinnuna í aðrar áttir sem dýpka þekkingarheim barnanna.

Til gamans eru í fylgiskjali D fjórar myndir sem börn máluðu út frá þulunni „Einn og tveir“ í 10 vikna vettvangsnámi mínu haustið 2005. Þar má m.a. sjá hús og rúm sem börnin töldu að krakkar ættu í þulunni.

---

<sup>38</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:23

<sup>39</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:23



## 5.4 Tónlist

Í *Aðalnámskrá leikskóla* stendur að: „Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eiga að vera söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa.“<sup>40</sup> Komið var inn á hreyfinguna hér að framan en tónlist og hreyfing eru samofnir þættir, því þegar barn heyrir lag fer það oft að dilla sér með. Að hlusta á þulur og þjóðkvæði er þáttur í því að kynna fyrir börnum mismunandi gerðir tónlistar og tónlistarflutning. Það mætti gera meira af því að hlusta á íslenska tónlist bæði með og án söngs í leikskólum; rímur, þulur og aðra þjóðlagatónlist.

Sá taktur eða hrynjandi sem hægt er að skynja í gegnum þulurnar virðist tengjast tónlist á einhvern hátt. Þeir sem kunna kveða þulurnar með ákveðnu lagi en það eykur notagildi þulunnar. „Barnagælnar og þulurnar eru frásagnir sem fá aukið gildi með þeim ramma sem sönglagið gefur þeim. Töfrarnir liggja í samspili orðs og tóna sem í einfaldleika sínum mynda ljóð- og lagræna heild.“<sup>41</sup> Þess vegna er ennþá meiri ástæða til þess að leikskólakennarar læri þululögin við þulurnar til að auka notagildi þeirra. Eins og áður hefur komið fram er hægt að nálgast upptökur af þulum til að hlusta á og læra utanbókar. Stundum erum við fullorðna fólkið of upptekin af því að syngja ákveðinn texta með sínu lagi og engu öðru. En þulurnar eru þannig að sama þululagið getur passað með mörgum þulum og eru ný hlið á söng barna í leikskólanum. Það er líka einfalt að slá taktinn með þegar þula er lesin og einnig væri hægt að virkja börnin til þess t.d. með því að láta þau slá trommu. Takturinn getur verið göngutaktur, nógu hægur til þess að orðin skili sér í flutningnum.

Gömlu barnagælnar eins og „Sigga litla systir mín“ og fleiri eru víða í leikskólum enn við lýði og er mikilvægt að svo verði áfram. Ný leikskólalög þurfa að mínu mati að vera í bland við gömul. Á deildinni Stekkjarlæk í leikskólanum Árbæ<sup>42</sup> er búin til ársáætlun þar sem tekin er fyrir ein þula í hverjum mánuði. Þulan er sett í krús ásamt öðrum lögum sem sungin eru í söngstundum mánuð í senn, svo er skipt um lög og þulu næsta mánuð á eftir og svo koll af kolli. Þar eru stundum tvær þulur í gangi, t.d. ef það er ákveðið þema í gangi þann mánuðinn þá er einni þulu bætt við sem tengist þemanu sérstaklega. Í september er t.d. alltaf tekið fyrir þema um kúna og þá er kúapula í krúsinni.

---

<sup>40</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:24

<sup>41</sup> Sigríður Pálmadóttir.

<sup>42</sup> Ester Jónsdóttir. 2006

Listirnar hreyfing, myndsköpun og tónlist eru ákaflega samtvinnuðir þættir sem er bæði gaman og auðvelt að blanda saman í starfi með ungum börnum. Það væri þess vegna ekki síður lærdómsríkt fyrir leikskólabörn að setja upp leiksýningu um ákveðna þulu og sýna jafnvel foreldrum. Það er margt sem þarf að hafa í huga og búa til fyrir slíka sýningu sem börnin sjálf geta komið að. Það þarf að velta fyrir sér þulunni og hvernig nálgast skal efni hennar, raða niður hlutverkum og æfa þau, spá í þær hreyfingar sem á að nota, búa til leikmynd, finna leikmuni o.fl.

## 5.5 Náttúra og umhverfi

Í þulunum koma náttúran og dýr oft mjög skýrt fram og það umhverfi sem einkenndi sveitameninguna sem börn ólust upp við forðum daga. Mörg börn hafa áhuga á dýrum og náttúruskoðunarferðum og „í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun, umgengni um náttúruna og fleira.“<sup>43</sup> Það er aldrei of snemmt að byrja að kenna börnum rétta umgengni um náttúru landsins og það gerum við best með því að vera sjálf góðar fyrirmyndir.

Vettvangsferðir út í náttúruna eru tilvaldar til þess að leyfa börnum að njóta hennar og auka skilning þeirra á fyrirbærum hennar, t.d. veðurfari, hita og kulda, gróðri og mismunandi jarðvegi. Ferðirnar gefa tækifæri til þess að ræða um sveitameningu fyrri alda og hvernig fólk lifði af landsins gæðum. Börnin geta reynt að setja sig í spor barna fyrr á öldum og farið ýmsa leiki. Það er líka hægt að benda þeim á það hvernig náttúran hefur verið fólki innblástur að mörgum þulum, t.d. landslagið, sögur og sveitastörf sem bæði fullorðnir og börn stunduðu. Þá getur verið gaman að fara saman með þulu sem börnin kunna.

Heimsóknir í sveitina eru líka ómetanlegar en þar komast börnin í snertingu við dýr og kynnast umönnun þeirra. Hringrás lífsins er hvað áþreifanlegust úti í náttúrunni og í umgengni við dýr og plöntur. Það ætti því að vera eðlilegt að ræða við börn um þá hluti sem og árstíðaskiptin.

---

<sup>43</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:26

## 5.6 Menning og samfélag

Í leikskólauppeldi geta þulur verið liður í því að kynna fyrir börnum íslenska þjóðmenningu og hjálpað til við varðveislu hennar. Í Aðalnámskránni stendur að æskilegt sé að börn komi sjálf með hluti í leikskólann sem þau hafa fundið, t.d. leggi, kjálka, horn og ýmiss konar bein sem fyrrum voru leikföng barna.<sup>44</sup> Það vekur upp spurningar um hvernig lífið var í gamla daga, hvernig fólk bjó o.fl. Slíkar umræður bjóða upp á að sá tími sé tekinn sem þema í leikskólanum. Það gerir Ester einmitt á þorranum. „Þeim þykir það mjög gaman núna, við erum að skoða bækur og við erum að ræða þetta gamla. Við erum með horn, leggi og skeljar og myndir úr gömlum bókum og þeim finnst þetta rosalega merkilegt.“ Að mati Esterar þyrfti að gera meira af því að fara með leikskólabörn á söfn, t.d. byggða- eða sjóminjasöfn og söfnin sjálf mættu líka vera duglegri við að bjóða leikskólum til sín.

Í Aðalnámskránni segir einnig að það beri að víkka áhugasvið barna og sjóndeildarhring „með skoðunarferðum í nágrenni leikskólans og með margvíslegum heimsóknum í þjónustu- og menningarstofnanir.“<sup>45</sup> Safnkennarar eru starfandi á nokkrum söfnum á Íslandi en þeir gegna m.a. því hlutverki að taka á móti barnahópum á söfnin og bjóða leiðsögn sem hæfir aldri þeirra og þroska. Þjóðminjasafn Íslands býður skólastofnunum að fá að láni kassa sem inniheldur eftirgerðir gamalla gripa. „Fjórir kassar eru í boði með ólíku þema: tóvinnukassi, matarkassi, leikjakassi og fornaldarkassi.“<sup>46</sup> Það gæti verið skemmtilegt fyrir leikskólabörn að fá leikjakassann til skoðunar og velta fyrir sér hvernig það hafi verið að vera barn í gamla daga. Það er nauðsynlegt að börn geti skynjað fortíð, nútíð og framtíð en söfn geta á áþreifalegan hátt brúað þar bilið. Þá er líka gaman að sýna börnum gamlar bækur og myndir, bæði af húsbyggingum og fólki og ennþá skemmtilegra að fá eldri borgara til að segja frá lífinu þegar hann var barn.

Ester notar þulurnar líka til þess að kynna fyrir börnunum helstu daga í árinu, s.s. fyrsta vetrardag, jólin, þorran, sumardaginn fyrsta, öskudag og árstíðirnar. Hún segir að sér finnist nauðsynlegt að börnin kynnist þessari gömlu menningu, vita hvað þetta þýðir og það þurfi að halda við efni eins og þulunum. Þá hefur hún leitað að þulum og öðru efni sem tengist ofantöldu og haft með í starfinu eftir því sem við á. „Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á

<sup>44</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:27

<sup>45</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:28

<sup>46</sup> Þjóðminjasafn Íslands. 2006

heimilum sínum en einnig á ýmsan hátt í leikskólum. Þennan menningararf þarf leikskólinn að styðja við og börn að læra að virða..<sup>47</sup> Það styrkir þjóðarvitund barnanna og Ester segir börnin hafa mjög gaman af þessum íslensku hefðum og þau muni eftir þeim ár frá ári. Hún lýsti því fyrir mér hvernig þau blóta þorra í leikskólanum.

Það er svo þorrablót hjá okkur á fimmtudaginn og þá mega þau koma í einhverju sem gömlu sem þau eiga, lopapeysu eða einhverju öðru sem var notað í gamla daga. Við tvær á deildinni (leikskólakennarar) ætlum að koma í upphlut, og jafnvel önnur líka. Það var rosalega skemmtilegt í fyrra og þau (börnin) muna það ennþá og segja það við okkur.

Það er án efa gaman á þorrablótunum í Leikskólanum Árbæ og frábært framtak að starfsmenn skuli taka svona virkan þátt í því. Það er hægt að fara margar leiðir með svona efni en leikskólakennarar geta aflað upplýsinga um sérstöðu þessara daga í bókum og einfaldað fyrir börnin. Mesta vinnan er fyrst við að koma sér upp gögnum um efni sem hentar að nota, en það verður þegar frá líður ómissandi hluti af starfinu.

Í leikskólum er afar brýnt að halda við hefðunum bæði fyrir unga sem aldna enda er samfélag okkar að verða svo fjölmenningslegt að við þurfum líka að kynna þessar hefðir fyrir erlendu starfsfólki leikskólanna og foreldrum barnanna.

---

<sup>47</sup> *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:29

## 5.7 Samantekt

Grunnþarfir barna virðast ekki hafa breyst mikið síðustu aldirnar því að enn í dag þurfa börn skjól, mat, ást og öryggi til þess að lifa og dafna. Áður var algengara að mæður væru heimavinnandi og sinntu bæði börnum og búi. Núna er hins vegar mikill meirihluti barna á leikskólaaldri í leikskóla og það uppeldi sem börn fá þar er viðbót við það uppeldi sem þau fá heima. Starfsfólk leikskólanna og leikskólaumhverfið þarf að stuðla að því að börn fái að njóta sín og þroskast á sínum hraða.

Í leikskólum er sungið og lesið fyrir börn og oft er farið lengra með slíkt efni og unnið meira með það, t.d. sem þema. Þulur eiga margt sameiginlegt með því sem fram fer í leikskólum og þær tengjast námssviðum leikskóla sem getið er um í *Aðalnámskrá leikskóla*. Þulur er hægt að nota í uppeldi ungra barna með því að syngja þær, sterkur takturinn fær börnin til að dilla sér með, þær geta aukið við orðaforðann og eru ákjósanlegar til málörvunar. Þær geta líka verið uppspretta myndsköpunar og endurspegla náttúru landsins og dýralíf. Mikilvægt er fyrir hverja þjóð að þekkja sína menningu og í leikskóla eru þulurnar fulltrúar þeirrar menningar sem börn lifðu við hér á árum áður.

Samkvæmt ofantöldu eiga þulurnar enn erindi til nútímabarna. Ættu áhugasamir uppalendur að kynna sér þær betur og jafnvel þróa ennfrekar þá möguleika sem þær bjóða upp á fyrir uppeldi og þroska ungra barna.

## 6. Niðurstöður

Þulur eru fjölbreyttur og skemmtilegur kveðskapur sem varðveist hefur með þjóðinni í mörg hundruð ár. Þær hafa grípandi hrynjandi og eru fyrst og fremst leikur að orðum í löngum runum. Áður fyrr var afþreying barna og unglinga heimatilbúin, þeim voru sagðar sögur og kveðin voru fyrir þau kvæði og þulur sem þau lærðu og endurtóku þegar þau fullorðnuðust og eignuðust börn. Þá hafði fólk meiri tíma með börnum sínum og áreitið á heimilin var minna þá en í nútímanum. Kynslóð eftir kynslóð varðveittust þulurnar í munnlegri geymd og eru til enn í dag, bæði á upptökum og á prenti. Með tilkomu útvarpsins inn á heimilin minnkaði þörfin fyrir heimatilbúna afþreyingu og smátt og smátt hafa þulur verið að þurrkast út úr menningu okkar.

Þróun og varðveisla tungumálsins er vissulega umhugsunarefni líðandi stundar. Á nokkurra ára fresti skjóta upp kollinum fullyrðingar um það að íslenska tungan sé í hættu vegna erlendra áhrifa. Það er mikilvægt að minna okkur öðru hvoru á að vanda málfarið en ég held þó að það verði aldrei alveg hægt að koma í veg fyrir að tungumálið þróist áfram. Hins vegar mættu leikskólakennarar og aðrir uppalendur, vera meðvitaðri um varðveislu tungunnar og temja sér gott mál því þeir eru jú aðal fyrirmyndir barnanna. Þulur geta gegnt þar lykilhlutverki ásamt öðru bókmenntaefni.

Umfjöllunin í þessari ritgerð sýnir með beinum hætti að þulur eiga ágætlega við uppeldisstarfið í leikskólunum. Leikskólarnir eru að mínu áliti kjörinn vettvangur fyrir þulur, því þar eru börnin á þeim aldri sem þau hafa mestan áhuga og hæfni til að læra það sem fyrir þeim er haft. Þulurnar eru hluti af þjóðmenningu okkar Íslendinga sem okkur ber að mínu mati að halda við sem lifandi hefð. Það er ekkert því til fyrirstöðu að þróa þetta meira og gera þulurnar sýnilegri fyrir yngstu kynslóðinni og svo eru þulurnar skemmtilegt efni sem bæði fullorðnir og börn geta haft gaman af.

Oftar en ekki er það svo að það sem maður lærir sem barn (texta, sögur, lög o.fl.) man maður oft fram á fullorðinsár. Fyrstu árin í lífi okkar leggja grunninn að svo ótal mörgu og þess vegna finnst mér kjörið að byrja að kenna ungum börnum þulur í þeirri von að þau beri þær áfram til sinna barna. Það er líka eitthvað svo notalegt við það að eiga samverustund með börnum og lesa þulur; skemmta sér yfir því sem maður skilur ekki og leyfa huganum að reika. Leikum okkur með þulurnar og setjum þær í gullastokka nútímabarna.

# Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. 2003. Þróun HLJÓM-2 og tengsl þess við lestrarfærni og ýmsa félagslega þætti. *Uppeldi og menntun*. 12. árg.

Áslaug Benediktsdóttir og Hólmfríður Gunnlaugsdóttir. 1992. Ljóðakennsla. *Skíma*. 15,2:12.

Guðmundur Þorsteinsson. 1990. *Horfnir starfshættir*. 2. útgáfa. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Harris, Robert A. 1998. *Introduction to Creative Thinking*. Vefslóð:  
<http://www.virtualsalt.com/crebook1.htm> (Sótt 22. mars 2006).

Howle, Mary Jeanette. 1989. Twinkle, Twinkle Little Star: It's More than Just a Nursery Song. *Children Today* 18,4:18-22. Vefslóð:  
<http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1612132&Fmt=6&clientId=58032&RQT=309&VName=PQD> (Sótt 27. janúar 2006).

*Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1983. Ritstjóri Jakob Benediktsson. Reykjavík, Mál og menning.

*Íslensk bókmenntasaga II*. 1993. Ritstjóri Vésteinn Ólason. Reykjavík, Mál og menning.

*Íslensk þjóðlög*. 1906-1909. (Bjarni Þorsteinsson hefur safnað lögnum og samið ritgjörðirnar). Kaupmannahöfn, Carlsbergssjóðurinn.

Jón Samsonarson. 2002. *Ljóðmál*. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar.

Ófeigur J. Ófeigsson. 1945. *Raula ég við rokkinn minn*. Reykjavík, gefið út af höfundu.

- Ólafur Davíðsson. 1898-1903. *Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur IV*.  
Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Rósa Þorsteinsdóttir. 2000. Þulur og barnagælur. *Orðið tónlist (The Word Music)*.  
(ritstj. Davíð Ólafsson og Úlfhildur Dagsdóttir), bls. 36-42. Reykjavík,  
Smekkleysa.
- Seidman, Irving. 1998. *Interviewing as Qualitative Research*. New York, Teachers  
College Press.
- Sigríður Pálmadóttir. 2002. Barnagælur og þulur. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og  
menntun*.  
Vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2002/002/index%5Fupprunalegt.htm>  
(Sótt 26. janúar 2006).
- Stefán Einarsson. 1961. *Íslensk bókmenntasaga*. Reykjavík, Snæbjörn Jónsson.
- Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. *Um stofnunina*.  
Vefslóð: [http://www.am.hi.is/um\\_stofnunina/hlutverk.php?fl=2](http://www.am.hi.is/um_stofnunina/hlutverk.php?fl=2)  
(Sótt 19. janúar 2006).
- Theodóra Thoroddsen. 1914. Þulur. *Skírnir*. 88(4):415-420.
- Thompson, June. 2000. *Barnauppeldi*. Anna María Hilmarsdóttir þýddi. Reykjavík,  
Uppeldi.
- Valborg Sigurðardóttir. 1989. *Myndsköpun ungra barna*. Reykjavík,  
Menntamálaráðuneytið.
- Vísnaþók um íslensku dýrin*. 2000. (Oddný S. Jónsdóttir og Freydís Kristjánsdóttir  
völdu vísurnar). Reykjavík, Vaka-Helgafell.
- Þjóðminjasafn Íslands. *Skólaheimsóknir*.  
Vefslóð: <http://natmus.is/fraedsla/skolaheimsoknir/> (Sótt 9. febrúar 2006).



## Fylgiskjal A: Viðmælendaskrá

Ester Jónsdóttir (leikskólakennari og deildarstjóri í Leikskólanum Árbæ, Selfossi).  
Um þulur í leikskólastarfi. 23. janúar 2006.

Njáll Sigurðsson (verkefnisstjóri hjá Stofun Árna Magnússonar, Reykjavík). Um  
þulur. 17. janúar 2006.

Rósa Þorsteinsdóttir (þjóðfræðingur og skrifstofustjóri hjá Stofnun Árna  
Magnússonar, Reykjavík). Um þulur. 17. janúar 2006.

## Fylgiskjal B: Spurningalisti

Þetta eru þær grunnspurningar sem ég lagði upp með í viðtölin en lagaði svo að hverjum viðmælenda fyrir sig.

### Fræðilegt:

1. Hvað eru þulur?
2. Hvað einkennir þulur?
3. Ganga þulur undir öðrum nöfnum?
4. Er til ákveðið bragform fyrir þulur?
5. Þarf að vera rím?
6. Hvað með hljóðstafi, stuðla og höfuðstafi?
7. Hvernig eru reglurnar þá við gerð þulna?
8. Hvar er hægt að finna þær?
9. Til hvers voru þulur notaðar?
10. Voru þulur eitthvað sérstaklega ætlaðar börnum frekar en fullorðnum?
11. Af hvaða tilefni var farið með þulur?
12. Um hvað var ort í þulum?
13. Eru til mismunandi gerðir af þulum eftir því hvert yrkisefnið er, t.d. nöfn, tölur og gátur? Getur þú útskýrt muninn á þeim?
14. Eru til fleiri gerðir?
15. Hvernig orð eru notuð í þulum?
16. Getur lestur þulna auðgað orðaforðann?
17. Úr hvaða menningarheimi eru þulur sprotnar?
18. Hver eða hverjir fóru með þulurnar?
19. Hvort voru konur eða karlar frekar höfundar þulnanna?
20. Hvað með utanbókarlærdóm. Er hægt að segja að þannig hafi verið auðveldara í gamla daga að muna ýmsan fróðleik með því að setja hann í bundið mál.
21. Þarf að hafa mikinn orðaforða eða færni í móðurmálinu til að setja saman þulu?
22. Á hvaða tímabili var mest farið með þulur á Íslandi?
23. Eiga þulur sér hliðstæðu í öðrum löndum eða eru þær eingöngu íslenskt fyrirbæri?
24. Hvernig standa þulur sig í samkeppninni við nýtt efni nú á dögum?
25. Eru einhverjar líkur á að þulur geti orðið vinsælar aftur?
26. Heldur þú að það væri hægt að semja nýjar þulur fyrir nútímabörn?
27. Hvernig sérð þú fyrir þér að þulur geti þróast í framtíðinni?
28. Hvernig var viðhorf fólks á þulum áður fyrr? Voru þær mikils eða lítills metnar?
29. Hefur viðhorfið breyst nú?
30. Hefur nútímafólk áhuga og þekkingu á þulum?
31. Hvernig hafa þulur varðveist í gegnum árin?
32. Hvernig hefur skráningu þeirra verið háttað?
33. Hver eða hverjir söfnuðu þeim?
34. Hefur mikið af þulum verið gefið út?
35. Hvernig er aðgengi að þulum núna?
36. Hvaða kynslóð á Íslandi í dag kann hugsanlega einhverjar þulur síðan í barnæsku?
37. Hvernig er varðveislu þulnanna háttað hjá Stofnun Árna Magnússonar, þar sem þú vinnur?
38. Hversu mikilvægt er að þínu mati að varðveita þulur?
39. Er til mikið af rituðum heimildum um þulur?

40. Hefur mikið efni glatast?
41. Er einhver landslutamunur á þulum?
42. Eru einhver svæði á landinu þar sem meira var um þulur en annars staðar?
43. Geturðu nefnt nokkra höfunda sem sömdu þulur fyrir börn?
44. Átt þú þér einhverjar minningar tengdar þulum frá þinni æsku?
45. Lýstu fyrir mér slíkri samverustund.
46. Hvernig upplifðir þú þá stund sem barn?
47. Telur þú þig vera ríkari af þeirri reynslu?
48. Hvaða þulum manst þú fyrst eftir að hafa lært eða heyrð?
49. Hverra er ábyrgðin að þínu mati að viðhalda þessum menningararfi?
50. Kannst þú mikið af þulum sjálf/ur?
51. Hvernig lærðir þú þær/hana?

### **Tónlist:**

52. Hvernig tengjast þulur tónlist?
53. Skiptir máli hvernig farið er með þulur; eru þær sungnar, kveðnar, lesnar eða mæltar af munni fram?
54. Hvernig er best að þínu mati að fara með þulur?
55. Er hægt að syngja þulur?
56. Hvernig, eða með hvaða lagi getur maður sungið eða kveðið þulur?
57. Er hægt að nota hljóðfæri eða aðra hljóðgjafa með þulum?
58. Hvernig slær maður taktinn með þulum?

### **Leikskólinn:**

59. Hvernig hófst áhugi þinn á þulum?
60. Var lögð sérstök áhersla á þennan þátt í námi þínu?
61. Hvenær útskrifaðist þú sem leikskólakennari og hvað ertu búin að starfa lengi í leikskóla?
62. Hefur þú alltaf unnið með þulur í starfi þínu?
63. Af hverju byrjaðir þú að nota þulur fyrir leikskólabörn?
64. Hvernig notar þú þulur með daglegu starfi í leikskólanum?
65. Hvað finnst börnunum um þulurnar?
66. Leitarðu sérstaklega að þulum tengdum daglegu lífi, t.d. jólum og árstíðum?
67. Hafa aðrir leikskólakennarar sýnt þessu einhvern áhuga?
68. Hvernig samræmist þín vinna með þulurnar markmiðum leikskólans sem þú vinnur í?
69. Notar þú þulurnar eitthvað til að vinna með málþroska barna?
70. En í tónlist?
71. Hefur þú séð beinan árangur af vinnu þinni með þulurnar í leikskólanum?
72. Hefur þér fundist orðalag í þulunum eða forn orð hamla þér eða börnunum við lesturinn?
73. Útskýrir þú þulurnar fyrir þeim?
74. Hvernig standa þulurnar sig í samanburði við nýrra efni í leikskólanum?
75. Er mikilvægt að halda þulum að yngstu kynslóðinni?
76. Hverra er ábyrgðin að þínu mati að viðhalda þessum menningararfi?
77. Ætlar þú að halda áfram með þulurnar?
78. Er mögulegt að við getum búið til þulur fyrir nútímabörn, á þeirra máli? Hefur þú gert það?

## Fylgiskjal C: Þulur

Í þessu fylgiskjali eru allar þær þulur sem nefndar eru á nafn í þessari ritgerð, í þeirri röð sem fjallað er um þær.

### *Einn og tveir*

Einn og tveir,  
inn komu þeir,  
þrír og fjórir,  
furðu-stórir,  
fimm, sex, sjö og átta,  
svo fóru þeir að hátta,  
níu, tíu, ellefu, tólf,  
lögðu plögg sín niður á gólf.  
Svo um miðjan morgun  
hún mamma vakti þá,  
þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán,  
fætur stóðu þeir á,  
fóru svo að smala  
suður með á,  
sautján, átján lambærnar  
sáu þeir þá,  
nítján voru tvílembdar  
torfunum á,  
tuttugu sauðina  
suður við sel.  
Teldu nú áfram  
og teldu nú vel.

Ófeigur J. Ófeigsson. 1945. *Raula ég við rokkinn minn*. Reykjavík, gefið út af höfundu. Bls. 151-153.

## *Þórnaldarþula*

Hlýði menn fræði mínu,  
meðan ég segi sök mína í sleða,  
það var fyrir sann faðir minn bjó,  
hann átti sér það greni  
sem aðrir melrakkar áttu sér í seli.  
Er Þórnaldur bóndi á þingi?  
Já, hér mig son minn og eg,  
og hér stöndum vær þrír, Þórnaldarnir.  
Ei veit eg eftir hvörjum Þórnaldi þú spyr.  
Eg spyr eftir Þórnaldi Þórnaldssyni  
Valnafarsyni austanhallt úr Vopnafirði.  
Hér máttu hann sjá  
teitan og heitan,  
ómúsétinn, ómelskorinn,  
Þorgautur níðingi.  
So er mér í minni sem við munum sést hafa,  
hvar sáunst við?  
Við sáustum á landi og ekki á landi.  
Það var á miðjum Þjórsársandi.  
Hvað hafðir þú til merkis  
hvort þú sást mig  
heldur en annan mann?  
Þú hafðir bróklindann brasaðan,  
járnhattinn tinaðan,  
kápu kollótta,  
reiddir krókaspjót um öxl þér,  
reiðst alsvörtum uxa brynjuðum að bógum fram,  
lést so brokka á þingið, Þórnaldur bóndi.  
Fleiri menn voru í ferð með mér,  
hvað hétu þeir?  
Hann hét Dumkeli Dalasez;  
ei var mér kenningarnafn hans kunnugt.  
Móðir mundi hann sér þó átt hafa,  
hvað hét hún?  
Hún hét Mús og Mús, Hlöður fjórar,  
Tungltífa, Tréfríður hét hún,  
þó borð bæði Bauthildur gauta,  
verður því að lengja nafn meyjarinnar,  
að dauður var faðir hennar og móðir  
fyrir tíu árum áður en mærin kóm í heiminn.  
Hún varð að heita  
Höppum, Skjöppum,  
Þórtöppum, Höfuðöppum,  
fyrst Restella,  
þá Rumbansystir,  
eða hvað hún heitir,  
Belginhnötta,  
Flasingása,

Afturskvetta,  
Andarnefja,  
Skarfur og Skyrfullur,  
Velskrifaður.  
Barnsgrátur í Bæ,  
blæðir undir rúmstokkum,  
silfurþræðir þrír  
og Slefugerði.  
Ambátt átta eg mér eina  
hún gekk næst þeirri bestu og vestu,  
móðir lofaði mundilyrði,  
mokaði hún með reku stirðri,  
vann hún allt það sem bú bætti,  
barn gjörðir þú þeirri, Þórnaldur bóndi.  
Hvörju ætlar þú að launa mér fyrir bauginn hinn tvítelta,  
þá þú laugst uppá mig algjörðri sök á þingi, Þórnaldur bóndi?  
Eigi ræði eg um það.  
Hver er sök?  
Sökin er í sjóð,  
sjóður er í belgi,  
belgur er í bandi,  
bandið er í keru,  
kerið er í jörðu,  
jörðin er í búi,  
búið er í lási,  
lyklar munu þar að ganga, Þórnaldur bóndi.  
Hvar hanga þeir?  
Þeir hanga á kingunni á bringunni  
hjá Þórnaldsdóttur,  
þar Bessi brann í grautarkatlinum  
fyrir sjálfa Jakobsmessu.  
Hvað skal eg hafa til merkis um það  
hvort eg kenni hana heldur en aðra konu?  
Kenna muntu konuna  
sem kinginn hefur á bringunni,  
valbrána á kinninni,  
vörtuna á styrslunni.  
Há og mjó er rennlan,  
rennt í rauðu aftan,  
so muntu flestar vita  
manninum gefnar,  
satt er það.  
Út ríður Arngerður hnúka,  
önnur kona Þorgerður slúka,  
þriðja var þar Geirlaug glyðra,  
þar var dregin flyðra.  
Götur látum vér göngla.  
Gunnlaugur ríður í þöngla,  
hefur hann kápu fellda,  
fetar stórt sem klerkar,

þá buldi á brúnum,  
þá vér bjuggum með bændum vorum.  
Brandur er á Sýrlandi.  
Öðruvís var þá í heimi vorum,  
vér lyptum upp lærum vorum  
létum ganga dreng.  
Óðinn réð fyrir Ásum þeirra,  
en þeir réðu fyrir öllum töðuhlöðum vorum.  
Hestur er mér horfinn,  
hömóttur um brárnar,  
baksár á bógum,  
bundinn kjaftur í ól,  
haltur á hægri auga,  
hringeygður á vinstra fæti,  
fótur úr fitleika,  
fallið höfuð úr tönn.

Jón Samsonarson. 2002. *Ljóðmál*. Reykjavík, Stofnun Árna Magússonar. Bls. 82-85.

### *Karl tók til orða*

Karl tók til orða  
mál væri að borða  
þar kom inn diskur  
var á smjör og fiskur  
silungur ætur  
fjórir sviðafætur  
upp tók hann einn  
ekki var hann seinn  
gerði úr honum mann  
Grettir heitir hann.  
Margt kunnir Grettir vel að vinna  
fór út í eyjar  
hann svæfði þar meyar  
kýr og kálfa  
konuna sjálfa.  
Þegar hann kom þar  
þá var hann ekki þar  
kátur kallinn í dag.

Rósa Þorsteinsdóttir. 2000. Þulur og barnagælur. *Orðið tónlist (The Word Music)*.

(ritstj. Davíð Ólafsson og Úlfhildur Dagsdóttir), bls. 36-42. Reykjavík,

Smekkleysa. Bls. 40.

## *Stúlkurnar ganga suður með sjó*

Stúlkurnar ganga  
suður með sjó,  
með línsvuntur langar  
og léreftin mjó.  
Það skal vera stúlkan mín,  
sem á undan gengur.  
Hún ber gull og festi  
og spennur á belti.  
Laufaprjóna ber hún þrjá,  
fögur er hún framan á.  
Hún vill ekki ganga nema á gullspöngum.  
Hún vill ekki sitja nema á silfurstól.  
Hún vill ekki drekka nema vín væri,  
sem sjálfur riddarinn bæri.  
Silki er hennar sokkaband,  
sjálfur má hann leysa.  
Leysi sá, er leysa kann,  
en það er hann ungi Hoffmann.  
Síðan tekur hann lyklana,  
hringir þeim í bjölluna,  
síðan ríður hann með hana,  
stúlkuna sína.

Ófeigur J. Ófeigsson. 1945. *Raula ég við rokkinn minn*. Reykjavík, gefið út af  
höfundi. Bls. 155-157.

## *Krumminn í hlíðinni*

Krumminn í hlíðinni,  
hann er að slá,  
en hún lóa lipurtá,  
hún er að raka ljá,  
en hann spói spíssnefur  
rak hana þar frá.  
Hann gaf henni hnappa þrjá  
og bannaði henni að segja frá.  
Þá var ljóma lagið á.

Ófeigur J. Ófeigsson. 1945. *Raula ég við rokkinn minn*. Reykjavík, gefið út af  
höfundi. Bls. 31-33



## *Sat ég undir fiskihlaða föður míns*

Sat eg undir fiskihlaða  
föður míns,  
átti eg að gæta bús og barna,  
svíns og sauða.  
Menn komu að mér,  
ráku staf í hnakka mér,  
gjörðu mér svo mikinn skaða,  
lögðu eld í bónda hlaða,  
hlaðinn tók að brenna,  
eg tók að renna  
allt út undir lönd,  
allt út undir biskupslönd,  
biskup átti valið bú,  
gaf mér bæði uxa og kú,  
uxinn tók að vaxa,  
en kýrin tók að mjólka.  
Santi María gaf mér sauð,  
síðan lá hún steindauð,  
annan gaf mér Freyja,  
hann kunni ekki að deyja.

Jón Samsonarson. 2002. *Ljóðmál*. Reykjavík, Stofnun Árna Magússonar. Bls. 88

## *Sól skín á fossa*

Sól skín á fossa,  
segir hún Krossa.  
Hvar á að tjalda?  
segir hún Skjalda.  
Suður við ána,  
segir hún Grána.  
Ég skal snjónum spyrna,  
segir hún Hyrna.  
Ég skal éta í mína hit,  
segir hún Hvít.  
Ég skal mjólka minna,  
segir hún Dimma.  
Ég skal standa innar,  
segir hún Kinna.  
Ég skal mjólka svo freyði,  
segir hún Reyður.  
Mér þykir góður ruddi,  
segir hann Tuddi.  
Ég skal éta sem ég þoli,  
segir hann stóri Boli.  
Ég skal éta sjálfur,  
segir hann litli kálfur.  
Ég þoli illa hungur,  
segir vetrungur.  
Boli bankar á dyr  
og spyr að Skjöldu sinni.  
Segðu mér það, Mangi minn,  
hvort hún er hér inni.  
Boli bankar á dyr  
með bandinu langa.  
Láttu ekki griðunginn  
stanga þig, Manga.

*Vísnaþók um íslensku dýrin*. 2000. (Oddný S. Jónsdóttir og Freydís Kristjánsdóttir  
völdu vísurnar). Reykjavík, Vaka-Helgafell.

## *Heyrði ég í hamrinum*

Heyrði ég í hamrinum,  
hátt var þar látið  
og sárt var þar grátið.  
Búkonan dillaði  
börnunum öllum:  
Ingunni, Kingunni,  
Jórunni, Þórunni,  
Ísunni, Dísunni,  
Einkunni, Steinkunni,  
Sölkunni, Völkunni,  
Siggunni, Viggunni,  
Aðalvarði, Ormagarði,  
Eiríki og Sveini.  
Muna muntu dverg undir steini.  
Ekki heiti ég Eiríkur,  
þótt ég sé það kallaður.  
Ég er sonur Sylgju,  
sem bar mig undan bylgju.  
Bylgjan og báran  
brutu mínar árar.  
Telja máttu föðurfrændur mína,  
sem báru beytilinn rauða:  
Kambur Skæringsson,  
Skæringur Brandsson,  
Brandur Björgúlfsson,  
Björgúlfur Hringsson,  
Hringur Hreiðvarsson,  
Hreiðvarður Garðsson,  
Garður Gunnarðsson,  
Gunnarður Refsson,  
Refur Ráðfinnson,  
Ráðfinnur Kolsson,  
Kolur Kervarðsson,  
Kervarður Bjórsson,  
Bjór Brettingsson,  
Brettingur Hakason,  
Haki Óðinsson,  
Óðinn sá hinn illi,  
allra trölla faðirinn,  
sá var mestur maðurinn í helli.  
Nú er úti ætt mín öll,  
úr Hamrafelli.

Ófeigur J. Ófeigsson. 1945. *Raula ég við rokkinn minn*. Reykjavík, gefið út af  
höfundu. Bls. 19-24

## *Táta, táta teldu dætur þínar*

Táta, Táta,  
teldu dætur þínar.  
Fátt er að telja:  
Ein við aðra að tala,  
tvær mat mala,  
þrjár eru í búri  
borð að reisa,  
fjórar eru í eldhúsi  
graut að gera,  
fimm eru í fjöru  
fífla að grafa,  
sex eru á sandi,  
sjö eru á landi,  
átta eru í eyjum  
eld að kynda,  
nínu eru í nesjum  
naut að geyma,  
tíu eru í túni  
torf að hlaða,  
tuttugu eru heima,  
hundrað eru að húsabaki,  
og hálf er nú talið  
liðið hennar Tátu.

Ófeigur J. Ófeigsson. 1945. *Raula ég við rokkinn minn*. Reykjavík, gefið út af höfundu. Bls. 69-71.

## *Mánudaginn, þriðjudaginn,*

Mánudaginn, þriðjudaginn  
kerling sat og spann.  
Miðvikudaginn, fimmtudaginn  
bar hún verkin fram.  
Föstudaginn, laugardaginn  
hvíldi hún lúin bein,  
og á sjálfan sunnudaginn  
var hún hýdd við stein,  
þoldi mikil mein  
og hrein.

Ólafur Davíðsson. 1898. *Íslenzkar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur* IV.  
Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag. Bls. 224

## Fylgiskjal D: Myndir

Myndir málaðar með akrýllitum, eftir 5 ára börn í Leikskólanum Örð á Hvolsvelli.



„Kind og hrútur“



„Lamb“



„Rúmin“



„Húsin“